

sýn

ÁRS- OG SJÁLFBÆRNISKÝRSLA
2023



EFNISYFIRLIT

1. HLUTI | ÁRIÐ 2022

- 3 ÁVARP FORSTJÓRA
- 7 ÁVARP STJÓRNARFORMANNS
- 11 GENGI Á MARKAÐI
- 15 LYKILTÖLUR
- 31 STJÓRNARHÆTTIR
- 37 FRAMKVÆMDASTJÓRN
- 45 GRI TILVÍSUNARTAFLA

2. HLUTI | OKKAR SÝN

- 75 STEFNA
- 77 FRAMSÆKIN FJARSKIPTI
- 83 FRAMSÆKNIR FJÖLMÍÐLAR
- 91 MIKILVÆGIR INNVIÐIR
- 95 BROT AF ÞVÍ BESTA

3. HLUTI | SAMFÉLAGIÐ OG SJÁLFBÆRNI

121 STEFNA Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

125 MANNAUÐUR OG MENNING


145 ÖRYGGI

153 UMHVERFISMÁL

4. HLUTI | ÁRSREIKNINGUR

164 REKSTUR

169 EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI



1. hluti

ÁRIÐ 2022



Yngvi Halldórsson
Forstjóri

ÁVARP FORSTJÓRA

ÁFRAMHALDANDI VIÐSNÚNINGUR

Viðburðaríkt ár er að baki þar sem viðsnúningur í rekstrinum hélt áfram. Félagið hefur sett stefnu á að vera framúrskarandi á öllum sviðum starfseminnar þar sem viðskiptavinir eru í fyrsta sæti. Uppskeyra þeirrar stefnu er að skila sér.

Nánast allir mælikvarðar eru á leið í rétta átt, ánægja viðskiptavina og fjöldi heimila í fjarskiptum fer hækkandi, fjöldi áskrifenda á sjónvarpsþjónustum stendur vel, Vísir er mest sótti vefur landsins og útvarpsstöðvar okkar eru með meirihluta allrar útvarpshlustunar á landinu. Samhliða þessum árangri höfum við áfram hagrætt í rekstrinum sem skilaði sér í rekstrarhagnaði upp á 1.452 milljónir árið 2022 sem er veruleg aukning frá fyrra ári ef leiðrétt er fyrir einkisliðum sem tengjast sölu á óvirkum farsímamniðum í árslok 2021.

Sýn gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu með rekstri fjarskipta og fjölmiðla. Við viljum vera fyrirmyndar fyrirtæki og horfum fram á veginn með áherslu á sjálfbæra uppbyggingu

þar sem nýsköpun og framþróun er lykilatriði. Skipaður var stýrihópur sem ber ábyrgð á innleiðingu sjálfbærni áherslna Sýnar sem og Global Reporting Initiative (GRI) staðalsins þar sem horft er til hagsmuna lykil haghafa.

Undir lok síðasta árs kynntum við nýtt skipulag og tóku tvær konur sæti í framkvæmdastjórn. Þriðja konan tók sæti í framkvæmdastjórn í ársbyrjun 2023 og nú sitja alls fjórar öflugar konur í framkvæmdastjórn félagsins. Við höfum unnið að áherslubreytingum þar sem við skerpum á grunn rekstrareiningum Sýnar. Allar einingarnar starfa á krefjandi og spennandi samkeppnismarkaði:

- **Vodafone - fjarskipti** sem heldur utan um alla fjarskiptastarfsemi félagsins bæði til

fyrirtækja og einstaklinga,

- **Fjölmiðlar**

sem reka meðal annars Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna og Tal,

- **Sýn - innviðir**

þar sem allur innviðarekstur í farsíma, fastlínu og dreifingu situr, og

- **Endor**

sem er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatæknirekstri en allt starfsfólk kerfis- og notenda-þjónustu samstæðunnar færðist til Endor sem styrkir þann rekstur verulega.

Við horfum björtum augum til framtíðar og munum kappkosta við að gefa betri innsýn í hverja einingu á næstu misserum. Í desember skrifuðum við undir

samning við Ljósleiðarann ehf. um sölu á stofnneti Sýnar fyrir 3 milljarða króna. Samhliða gerðu félögin þjónustusamning til 12 ára en hann tryggir Vodafone aðgang að bestu mögulegri ljósleiðaratækni, nægri bandvídd og hagstæðum kjörum á tengingum bæði innanlands og utan. Viðskiptavinir okkar munu njóta góðs af þessum þjónustusamningi í gegnum hagstætt vöruframboð. Kaupin eru í meðhöndlun Samkeppniseftirlitsins en vonir standa til að það ferli klárast á öðrum ársfjórðungi. Andvirði af sölu stofnnetsins verður að hluta skilað til hluthafa.

Það er okkur kappsmál að einfalda vöruframboð til viðskiptavina og verðlauna þá fyrir heildarviðskipti. Við settum Fjölskyldupakkann á markað árið 2021 og hefur hann slegið í gegn

hjá fjölskyldum landsins. Undir lok síðasta árs kynntum við til leiks vöruna Stöð 2+ og Net þar sem viðskiptavinir hafa kost á að raða saman pakka sem hentar á mjög hagstæðum kjörum. Við munum halda áfram á þessari braut einföldunar á öllum sviðum félagsins.

Uppbygging 5G farnetskerfisins er á áætlun og voru á árinu teknir í notkun 70 sendar í um 40 bæjarfélögum. Fyrir farsíma viðskiptavinum okkar þýðir þetta betra og hraðara samband en gerir einnig kleift að bjóða háhraða heimatengingar þar sem ljósleiðari er ekki í boði. Hlutanetið (e. IoT) heldur áfram að vera vaxtarbroddur og leiðir Vodafone - fjarskipti innlenda markaðinn með góðum stuðningi og tæknilausnum frá Vodafone Group. Heimurinn er í sífellt

auknum mæli að nýta sér farsíma- og hlutanet til að umbreyta og bæta líf okkar og hagsæld. Hins vegar verður það ekki gert án tenginga frá fjarskiptafélögum. Samstarfið okkar við Vodafone Group skiptir okkur miklu máli og er styrkur sem viðskiptavinir okkar fá að njóta. Við nýtum þekkingu Vodafone Group í miklum mæli og erum öryggisvottað fyrirtæki með sterka stöðu á fyrirtækjamarkaði.

Vísir heldur áfram að vera vinsælasti vefur landsins og þar hefur nýsköpun verið mikil. Við kynntum Innherja, nýjan áskriftarvef með viðskiptafréttir, til leiks. Viðtökur hafa verið góðar og ætlum við okkur að styrkja hann enn frekar. Tal er hlaðvarpsveitan okkar sem hefur vaxið hratt. Nú síðast bættist Tvíhöfði við hlaðvarpsflóruna

okkar sem er spennandi viðbót. Vísir mun leika stórt hlutverk í framtíðaráformum okkar og stefnan er að auðvelt verði að neyta allra okkar miðla í gegnum Vísi.

Við tökum hlutverk okkar í samfélaginu alvarlega og endurspeglar stefna félagsins nálgun okkar á sjálfbærni í rekstri, með ríkri áherslu á umhverfis- og félagsþætti í starfseminni, góða stjórnarhætti og áhættustýringu. Meðal annars vegna þessa leggjum við áherslu á framleiðslu innlends efnis sem er bæði fræðandi og skemmtilegt. Við sýnum frá rúmlega sexhundrað íslenskum kappleikjum á hverju ári og höldum úti stærstu sjálfstæðu fréttastofu landsins ásamt því að texta og talsetja mikið af erlendu barnaefni. Við erum stolt af því að halda með þessum

hætti á lofti íslenskrri menningu og tungu.

Framundan eru spennandi tímar á fjarskipta- og fjölmiðla-markaði og ætlum við okkur að vera í fararbroddi.





Jón Skaftason
Stjórnarformaður

ÁVARP STJÓRNAR- FORMANNS

BÆTTUR REKSTUR, BREYTT ÁSÝND

Árið 2022 var ár breytinga hjá Sýn. Umtalsverðar breytingar urðu í hluthafahópi félagsins, ný stjórn var kjörin og forstjóraskipti urðu. Nýju fólki fylgja nýjar áherslur, en framhaldið byggist þó auðvitað fyrst og fremst á þeim öflugum hópi fólks sem starfar hjá félaginu.

Rekstur, rekstur, rekstur

Fyrstu mánuðir nýrrar stjórnar og stjórnenda hafa farið í að bæta kjarnarekstur Sýnar - við réðumst í umfangsmiklar hagræðingar-aðgerðir og einblíndum á bættu samninga við birgja. Ekki var vanþörf á, enda þrýstingur á framlegð fyrirtækja í umhverfi launahækkana, verðbólgu og hárra vaxta. Á slíkum tímum reynir á léttleika og sveigjanleika í rekstri. Við teljum okkur hafa náð árangri á þeirri vegferð, og birtum samhliða ársuppgjöri afkomuspá fyrir árið 2023, sem ber þess merki.

Í desember var tilkynnt um að sölu á grunneti Sýnar til Ljósleiðarans væri lokið, og er nú einungis beðið eftir samþykki samkeppnisyfirvalda. Salan mun styrkja lausafjárstöðu Sýnar enn frekar, og gera okkur kleift að

skila fjármunum til hluthafa í enn frekara mæli.

Öflugar einingar

Ein af vinnukenninum okkar sem komu að Sýn sem nýir hluthafar á árinu var að einingar félagsins væru vanmetnar á markaði. Eftir að hafa kynnst félaginu að innan hefur sú trú styrkst enn frekar.

Það er ekki öllum ljóst en Sýn byggir á arfleifð frumkvöðla. Fjarskiptastarfsemin reis úr grunni fyrirtækja sem fyrst buðu ríkinu byrginn. Stöð 2 er fyrsta einkarekna sjónvarpsstöð landsins, og Bylgjan fyrsta útvarpsstöðin. Vísir er frumkvöðull á sviði fréttu á netinu. Þessi frumkvöðlaandi lifir enn innan félagsins. Að fylgjast með fagfólki með áratugareynslu í sjónvarpi setja Idolið á sviði á

föstudagskvöldi er upplifun. Það eru sömuleiðis forréttindi að fá tækifæri til að að átta sig á þeirri yfirburðaþekkingu á fjarskiptum og innviðum sem leynist innan herbúða Sýnar.

Það þarf að leysa þá einstöku krafta sem þessu fylgja úr læðingi. Við höfum nú skipt félaginu í fjóra hluta: Vodafone fjarskipti, Fjölmiðla, Sýn innviði og Endor. Með því skerpum við á sýnileika þeirra eininga sem mynda Sýn og færum aukna rekstrarábyrgð til stjórnenda hverrar einingar. Markaðurinn fær svo að fylgjast betur með því hvernig rekstur Sýnar kemur heim og saman.

Nýtum kosti markaðarins

Sýn er lítið félag á markaði. Hluthafar fáir og velta með bréf félagsins allajafna í minna

lagi. Við höfum þó verið þeirrar skoðunar að Sýn eigi að vera skráð á hlutabréfamarkað. Verkefnið er því að gera félagið að enn meira spennandi fjárfestingarkosti, fjölga hluthöfum og gera markað með bréf félagsins virkari.

Að okkar mati kynnum við nú félag með breytta ásýnd. Afkomuspá fyrir árið 2023 gefur fyrirheit um stórbættan rekstur. Við erum aflögufær um umtalsverða fjármuni sem við hyggjumst skila til hluthafa á árinu og munum efla upplýsingagjöf svo betur megi gera sér grein fyrir rekstri félagsins.

Við látum verkin tala hér eftir sem hingað til, og horfum bjartsýn og full eftirvæntingar fram á veginn. Á árinu 2022 fjölgaði hluthöfum Sýnar um tæp 13%.

Ágætt. En betur má ef duga skal. Við viljum fá sem allra flesta hluthafa - stóra og smáa - með okkur á vagninn.

Arfleifð í innviðum

Á þessum tímamótum er viðeigandi að senda Heiðar Guðjónssyni, fyrrverandi forstjóra og stjórnarformanni Sýnar, góðar kveðjur. Heiðar verður alltaf stór hluti af sögu félagsins, og verður vafalaust minnst sem brautryðjanda í íslensku viðskiptalífi þegar kemur að innviðum og þeim verðmætum sem í þeim felast.

Fyrir hönd Sýnar vil ég óska Heiðari alls hins besta í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Ef ég þekki hann rétt þá missir Sýn hann þó ekki sem bandamann og öflugan talsmann fyrir viðskiptafrelsi og minni ríkisafskiptum!

Að lokum vil ég þakka starfsfólki, stjórn og hluthöfum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.





GENGI Á MARKAÐI


Á árinu 2022 urðu talsverðar breytingar í hluthafahópi Sýnar þegar fyrrum forstjóri félagsins Heiðar Guðjónsson seldi hlut sinn í félaginu. Fjárfestingafélagið Gavia Invest keypti hlutinn og var þar með orðið stærsti hluthafi félagsins.

Velta með bréf í félaginu árið 2022 nam rúmlega 18,2 milljörðum króna í alls 1.899 viðskiptum og er fjöldi viðskipta að aukast um 7,5% á milli ára. Mest var velta með bréf félagsins í ágúst en heildarvelta þess mánaðar nam rúmlega 4,1 milljörðum króna. Hluthafar í árslok 2022 voru 368 samanborið við 326 í lok árs 2021.

Útgefið hlutafé félagsins nam í árslok 2.684 m.kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Í ársbyrjun 2022 ákvað stjórn að setja í gang endurkaupaáætlun í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Endurkaupaáætlunin hófst með öfugu útboði þann 7. janúar sem lauk 9. janúar. Til viðbótar voru sett í gang regluleg endurkaup sem stóðu yfir frá 13. janúar til 3. mars. Félagið

keypti í heild 28.064.512 hluti eða 9,47% af útgefnu hlutafé fyrir 1.860 m.kr. Á aðalfundi félagsins þann 18. mars var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutafé í samræmi við fjölda eigin hluta. Lækkunin var framkvæmd þann 12. apríl og eru útgefni hlutir í félaginu 268.376.962 eftir lækkunina. Þann 7. nóvember hófst önnur endurkaupaáætlun

sem stendur enn yfir. Endurkaupin munu að hámarki nema 4.958.678 hlutum, eða um 1,85% af útgefnum hlutum félagsins, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna fari ekki yfir 300 m.kr. Í lok árs 2022 átti félagið 1.612.886 eigin bréf.



10 stærstu hluthafar við árslok 2022


	NAFN	HLUTUR %
	Gavia Invest ehf.	15.7%
	Gildi - lífeyrissjóður	14.03%
	Kvika banki hf.	8.03%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna		7.01%
	Arion banki hf.	6.7%
Lífeyrissj.starfsm.rik. A-deild		6.64%
	Birta lífeyrissjóður	5.11%
	Íslandsbanki hf.	3.48%
Fossar fjárfestingarbanki hf.		3.32%
	Tækifæri ehf.	2.3%



LYKILTÖLUR


HEILDARTEKJUR

Milljónir króna



EBITDA


% EBITDA leiðrétt fyrir áhrifum af innviðasölu



EBITDA
• EBITDA %

AFKOMA

Milljónir króna



REKSTRARÞÆTTIR

REKSTRARBREYTUR

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildartekjur	m. ISK	19811	20786	21765	22983
Eignir alls	m. ISK	-	-	-	-
Eigið fé alls	m. ISK	8798	8549	8545	9469
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	522	457	453	460
Heildarflatarmál fyrir eigin rekstur	m ²	5816	5816	8284,6	8284,6
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m ³	-	-	-	-

LOSUNARKRÆFNI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ i/MWst	36,23	24,89	26,18	29,52
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ i/stöðugildi	694,43	536,98	568,1	612,63
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ i/milljón ISK	18,3	11,81	11,82	12,26
Losunarkræfni eigna	kgCO ₂ i/milljón ISK	-	-	-	-
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO ₂ i/milljón ISK	41,2	28,7	30,1	29,8
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO ₂ i/m ²	62,33	42,19	31,06	34,02
Losunarkræfni á hvern rúmmetra	kgCO ₂ i/m ³	-	-	-	-

ORKUKRÆFNI

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	19167,8	21575,8	21699,6	20753,4
Orkukræfni tekna	kWst/milljón ISK	505,1	474,4	451,6	415,4
Orkukræfni á fermetra	kWst/m ²	1720,4	1695,3	1186,5	1152,3
Orkukræfni á rúmmetra	kWst/m ³	-	-	-	-

ÚRGANGSKRÆFNI

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	208,22	103,3	119,2	99,7
Úrgangskræfni tekna	kg/milljón ISK	5,49	2,27	2,48	2

LOSUNARBÓKHALD

GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Umfang 1	tCO ₂ í	180	130,2	117	135,7
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	89,3	94,7	95,4	90,5
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ í	-	-	-	-
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	269,2	224,9	212,4	226,2
Umfang 3	tCO ₂ í	93,2	20,5	45	55,6
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO ₂ í	362,5	245,4	257,3	281,8

MÓTVÆGISAÐGERÐIR

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	197	240	251,1	282
Þar af staðfestar kolefnisein- ingar	tCO ₂ í	-	-	-	-
Þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	197	240	251,1	282

UMFANG 1 - SAMSETNING LOSUNAR

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarlosun	tCO ₂ í	180	130,2	117	135,7
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO ₂ í	-	7,3	-	-
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	180	122,9	117	135,7
Lekalosun	tCO ₂ í	-	-	-	-
Losun frá iðnaðarferlum	tCO ₂ í	-	-	-	-

UMFANG 2 - SAMSETNING LOSUNAR

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarlosun	tCO ₂ í	89,3	94,7	95,4	90,5
Rafmagn	tCO ₂ í	71,5	77,2	79,7	76,
Hitaveita	tCO ₂ í	17,8	17,6	15,7	13,7
Kæling	tCO ₂ í	-	-	-	-
Gufa	tCO ₂ í	-	-	-	-

UMFANG 3 - LOSUN Á FYRRI STIGUM

		EININGAR	2019	2020	2021	2022
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta						
Heildarlosun	tCO ₂ f		-	-	-	-
Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu	tCO ₂ f		-	-	-	-
Aðkeypt vara og þjónusta til eigin nota	tCO ₂ f		-	-	-	-
Flokkur 2: Fastafjármunir						
Heildarlosun	tCO ₂ f		-	-	-	-
Mannvirki	tCO ₂ f		-	-	-	-
Farartæki	tCO ₂ f		-	-	-	-
Tækjabúnaður	tCO ₂ f		-	-	-	-

		EININGAR	2019	2020	2021	2022
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi						
Heildarlosun	tCO ₂ í		-	-	32,1	40
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í		-	-	29,5	33,7
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í		-	-	2,6	0,3
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í		-	-	0	6
Framleiðsla á áframseldri raforku	tCO ₂ í		-	-	-	-
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing						
Heildarlosun	tCO ₂ í		-	-	-	-
Flugfrakt	tCO ₂ í		-	-	-	-
Sjóflutningur	tCO ₂ í		-	-	-	-

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Landflutningar	tCO ₂ í	-	-	-	-
Lestarflutningar	tCO ₂ í	-	-	-	-
Hýsing á keyptri vöru	tCO ₂ í	-	-	-	-
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri					
Heildarlosun	tCO ₂ í	34,4	13,2	10,8	6,6
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	34,4	13,2	10,8	6,6
Fráveita	tCO ₂ í	-	-	-	-
Flokkur 6: Viðskiptaferðir					
Heildarlosun	tCO ₂ í	58,8	7,2	2	9
Flugferðir	tCO ₂ í	58,8	6,9	2	9
Lestarferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-
Rútuferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Bílferðir	tCO ₂ í	-	0,3	-	-
Sjóferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-
Gistinætur	tCO ₂ í	-	-	-	-

Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna

Heildarlosun	tCO ₂ í	-	-	-	-
Flugferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-
Lestarferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-
Almenningssamgöngur	tCO ₂ í	-	-	-	-
Einkabíll	tCO ₂ í	-	-	-	-
Sjóferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-
Heimavinna	tCO ₂ í	-	-	-	-

Flokkur 8: Leigðar eignir

Heildarlosun	tCO ₂ í	-	-	-	-
--------------	--------------------	---	---	---	---

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	-	-	-	-
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO ₂ í	-	-	-	-
Rafmagnsnotkun	tCO ₂ í	-	-	-	-
Hitaveita	tCO ₂ í	-	-	-	-
Lekalosun	tCO ₂ í	-	-	-	-

UMHVERFISMÁL





STJÓRNAR- HÆTTIR

Góðir stjórnarhættir eru forsenda fyrir traustum samskiptum stjórnar, stjórnenda, starfsfólks, hluthafa, viðskiptavina, eftirlitsaðila og annarra lykil haghafa Sýnar hf. Stjórn og stjórnendur Sýnar hafa tileinkað sér góða stjórnarhætti þar sem leiðarljósið er að styrkja innviði félagsins, efla tryggð og gegnsæi. Markmiðið er jafnframt að byggja upp góða og ábyrga fyrirtækjamenningu til hagsbóta fyrir alla hagaðila félagsins.

Sýn hf. fylgir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland og birtir árlega stjórnarháttayfirlýsingu með árs- og sjálfbæriskýrslu félagsins. Félagið er vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Þá hefur fyrirtækið fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála og innleitt jafnlaunastaðalinn ÍST 85. Upplýsingaöryggi fyrirtækisins samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001.

Stjórnarhættir Sýnar hf. taka ávallt mið af lögum og reglum sem um starfsemi Sýnar gilda og hefur félagið innleitt stefnur og verklag til að stuðla að góðum stjórnarháttum. Siðferðis-sjónarmið eru kjarninn í starfsemi

félagsins og eru höfð í huga við allar ákvarðanir. Félagið hefur sett sér siðareglur og aðgerðir sem sporna eiga við spillingar- og mútumálum.

Stjórn Sýnar hf.

Stjórn Sýnar er kosin á aðalfundi félagsins til eins árs í senn, kjörnir eru fimm aðalmenn og tveir varamenn. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Á aðalfundi 18. mars 2022 var kosið í aðal- og varastjórn félagsins en breytingar voru gerðar á stjórn í kjölfar tveggja hluthafafunda síðar á árinu, þann 31. ágúst og 20. október.

Við árslok 2022 var stjórn Sýnar hf. skipuð eftirfarandi aðilum:



Jón Skaftason

STJÓRNARFORMAÐUR

Jón Skaftason, stjórnarformaður félagsins, er fæddur árið 1983. Hann er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og sérhæfði sig þá í skyldum stjórnarmanna í hlutafélögum, sem hann skrifaði lokaritgerð um. Enn fremur er Jón LL.M í Corporate Law frá University College London. Hann hefur réttindi til málflytninga fyrir Héraðsdómi og hefur sinnt stundakennslu í félagarétti við

Háskólann í Reykjavík og kennt þar um skyldur stjórnarmanna. Milli árunna 2020 og 2022 var Jón framkvæmdastjóri Strengs Holding ehf. Þar stýrði hann fjárfestingum Strengs í Skeljungu hf. og Kaldalóni hf. Á árunum 2012 til 2020 var Jón framkvæmdastjóri fjárfestinga 365 hf. - lengst af með aðsetur í London - og vann hann m.a. að sölu á fjölmiðla- og fjarskiptarekstri 365 miðla til Sýnar hf. (þá Fjarskipti). Jón starfaði sem lögmaður á skrifstofu Logos Legal Services í London á árunum 2007 til 2012. Jón er fyrrverandi stjórnarformaður Norr 11 Aps og 101 Copenhagen Apps (Danmörk), Kaldalóns (2021-2022), Sleep Solutions Ltd (Bretland) árin 2018-2021 og Murduck London Ltd (Bretland) árin 2012-2014. Jón var meðstjórnandi hjá Torgi ehf. - útgáfufélagi Fréttablaðsins

árin 2018-2019. Jón er stjórnarformaður í Gavia Invest ehf., eins stærsta hluthafa Sýnar hf., og Pordoi ehf., sem heldur utan um eignarhlut hans í Gavia. Félag tengt Jóni, Gavia Invest ehf., fer með samtals 42.147.128 hluti í Sýn hf.



Rannveig Eir Einarsdóttir

VARAFORMAÐUR STJÓRNAR

Rannveig Eir Einarsdóttir, er varaformaður stjórnar, fædd árið

1965. Hún er með MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Rannveig er forstjóri Reir Verk ehf., þróunar- og byggingarfélags. Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignapróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir Verk ehf. Hún tók þátt í byggingu og stofnun Sandhótelis við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hotels. Rannveig var stjórnarmaður í félaginu Heimavöllum hf. árin 2019 og 2020. Áður starfaði hún sem stjórnandi hjá Icelandair frá árinu 2000 til ársins 2016 á sviði mannauðsmála og sem forstöðumaður flugþjónustudeildar Icelandair. Undanfarin fimm ár, eða frá árinu 2017, hefur Rannveig verið í stjórn Ölgerðarinnar og er enn stjórnarmaður í því félagi. Rannveig fer með 20.650.000 hluti í Sýn hf. gegnum Fasta ehf.



Hákon Stefánsson
STJÓRNARMAÐUR

Hákon Stefánsson er fæddur árið 1972. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1998 og er með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Hann hefur frá árinu 2019 starfað sem forstjóri InfoCapital ehf. Áður var hann meðeigandi Lögmanna Mörkinni 2018-2019. Þá gegndi hann ýmsum störfum á árunum 2006-2018 fyrir Creditinfo Group,

svo sem starfi framkvæmdastjóra á Íslandi, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og alþjóðamarkaða, sem og starfi aðstoðarforstjóra. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Intrum Justitia á árunum 2002-2006, var bæjarlögmaður á Akureyri 2000-2002 og starfaði sem löglærður fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur 1998-2000. Hákon situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlenda fyrirtækja auk þess að sitja í stjórnnum opinberra stofnana og fyrirtækja. Félög tengd Hákon, þ.e. InfoCapital ehf. og Gavia Invest ehf., fara með 51.397.128 hluti í Sýn hf.



Páll Gíslason
STJÓRNARMAÐUR

Páll Gíslason er fæddur árið 1976. Hann er rafmagns- og tölvuverkfræðingur frá Háskóla Íslands sem hefur á rúmlega tuttugu ára ferli starfað við nýsköpun á ýmsum sviðum tækni og vísinda. Páll tók nýverið við stöðu sem Head of Trading hjá Jiko Group, sem er bandarískur fintec banki, en hann hefur undanfarin 15 ár starfað við hátíðniviðskipti (High

Frequency Trading, HFT) í kauphöllum víða um heim. Páll var meðstofnandi og forstjóri World Financial Desk LLC (WFD), sem var stofnað í Los Angeles 2007 en flutti til New York 2010. Félagið var með stærri viðskiptavökum á rafrænum mörkuðum með bandarísk ríkisskuldabréf og vaxtaafleiður, og átti einnig mikil viðskipti í kauphöllum í Bretlandi, Ástralíu og Þýskalandi. Áður en Páll snéri sér að fjármálamörkuðum hafði hann starfað fyrir þrjú sprotafyrirtæki. Páll á ekki eignarhlut í félaginu.



Sesselía Birgisdóttir STJÓRNARMADUR

Sesselía Birgisdóttir er fædd árið 1976. Hún lauk M.Sc. námi í stjórnun mannauðs, með áherslu á þekkingar og breytingarstjórnun frá Lúndar háskóla í Svíþjóð og M.Sc. námi í alþjóðlegri markaðsfræði og vörumerkjastjórnun frá Lúndar háskóla í Svíþjóð. Sesselía tók við sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðsmála

Vodafone 1. febrúar 2023. Hún starfaði áður sem forstöðumaður nýsköpunar og markaðsmála hjá Högum árin 2021-2023. Þar á undan starfaði Sesselía sem framkvæmdastjóri þjónustu-, sölu- og markaðssviðs hjá Íslandspósti. Á árunum 2016 til 2019 starfaði hún sem forstöðumaður stafrænna miðla og markaðsmála hjá Advania. Hún er aðalmaður í stjórn AGR Dynamics frá árinu 2021. Sesselía á 50.000 hluti í félaginu.

Varamenn

Varamenn stjórnar eru þau Salóme Guðmundsdóttir og Daði Kristjánsson.

Meginhlutverk stjórnar

Meginhlutverk stjórnar Sýnar hf. er að marka félaginu stefnu

Allir stjórnarmenn félagsins teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, og samkeppnisaðilum. Þau Jón Skaftason, Rannveig Eir Einarisdóttir og Hákon Stefánsson teljast háð stórum hluthöfum félagsins í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmörkuð. Stjórn gætir þess einnig að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu.

FORSTJÓRI SÝNAR HF.



Yngvi Halldórsson

FORSTJÓRI

Yngvi Halldórsson er fæddur árið 1977. Hann er með B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Yngvi starfaði áður sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Sýnar frá 2019-2022.

Hann sat auk þess í stjórn félagsins árin 2014-2019. Fyrst í varastjórn til 2017 þegar hann tók sæti í aðalstjórn. Í ársbyrjun 2018 varð Yngvi

meðeigandi í fjárfestingarfélaginu Alfa Framtak ehf. sem rekur m.a. framtakssjóðinn Umbreytingu. Hann starfaði hjá Össur hf. frá árinu 2008 til 2018 og gegndi þar ýmsum störfum, síðast sem CIO og VP of Global Business Services. Árin 2006 til 2008 var Yngvi sjóðsstjóri erlendra hlutabréfasjóða hjá Landsvaka ehf. Á árunum 2000 til 2005 starfaði Yngvi sem ERP ráðgjafi í Dynamics Nav hjá Maritech ehf. Yngvi á 334.000 hluti í félaginu, ýmist með beinum hætti eða í gegnum Transitus ehf.





FRAMKVÆMDA- STJÓRN

Framkvæmdastjórn
Sýnar

ÁRS- OG SJÁLFBÆRNISKÝRSLA | 2022

FRAMKVÆMDA- STJÓRN SÝNAR HF. 2022

Forstjóri og framkvæmdastjórar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Við árslok 2022 voru framkvæmdastjórar þessir, auk forstjóra félagsins:

Kristín Friðgeirsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA
OG STEFNUMÓTUNAR

Kristín Friðgeirsdóttir tók við sem fjármálastjóri Sýnar hf. sumarið 2021. Kristín starfaði áður sem alþjóðlegur ráðgjafi í tekjustýringu, gagnagreiningu og stefnumarkandi ákvarðanatöku. Hún hefur jafnframt kennt MBA og stjórnendanámskeið í London Business School. Kristín hefur setið í stjórnnum Kviku banka, Eikar, Controlant, Distica og Völku og var áður varaformaður stjórnar TM og stjórnarformaður Haga. Kristín er með mastersgráðu í fjármálaverkfræði og doktorsgráðu í rekstrarverkfræði frá Stanford háskóla.

Þórhallur Gunnarsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÖLMIÐLA
Þórhallur Gunnarsson er fram-

kvæmdastjóri Fjölmiðla, en hann hóf störf hjá félaginu árið 2019. Árin 2013-2019 starfaði Þórhallur sem framkvæmdastjóri sjónvarps- og kvikmyndadeildar Sagafilm. Þar áður var hann dag-skrárstjóri RÚV, ritstjóri Kastljóss, auk þess sem hann hefur stýrt fjölmörgum sjónvarpsþáttum af öllu tagi, m.a. Íslandi í dag á Stöð 2. Þórhallur hefur átt sæti í framkvæmdastjórn RÚV og stjórn Sagafilm. Hann hefur undanfarin ár verið framleiðandi margra stærstu sjónvarpsþátta á Íslandi, hvort sem um er að ræða leiknar sjónvarpsþáttaferiur, heimildarmyndir, fræðslufni eða skemmtipætti. Þórhallur kennir miðlun upplýsinga við MBA nám Háskóla Íslands. Þórhallur er með meistara-gráðu í sjónvarpsþátta-gerð frá Goldsmiths, University of London.

Páll Ásgrímsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI LÖGFRÆÐI-SVIÐS

Páll Ásgrímsson er aðallögfræðingur félagsins en undir hann heyra einnig gæða- og öryggismál, aðfangastýring og regluvarsla. Páll kom til starfa hjá félaginu 2014 en áður var hann einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann er reynslumikill lögmaður á sviði félagaréttar, auk þess að hafa sérhæft sig á sviði fjarskipta-, upplýsingatækni- og samkeppnisréttar. Um árabíl starfaði Páll sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans (síðar Skipta) auk þess að búa að reynslu frá EFTA og ESA í Brussel og Samkeppnisstofnun. Páll hefur auk þess setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja innan fjarskiptageirans, t.d. Símans hf., Mílu ehf., FARICE hf. og Skjásins

ehf. Páll er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með LL.M frá London School of Economics.

Alda Sigurðardóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNAUÐS

Alda hefur starfað sem mannauðsstjóri Sýnar síðan í mars 2022, en þar áður starfaði hún sem stjórnendabjálfi í eigin fyrirtæki Vendum í 11 ár. Hún hefur þjálfað og aðstoðað fjölda stjórnenda við farsæla innleiðingu og uppbyggingu á fyrirtækjameningu í mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins en einnig víða erlendis. Áður starfaði hún sem aðstoðarmaður rektors Háskólans í Reykjavík og þar á undan sem kynningar- og samskiptastjóri skólans. Alda starfaði sem viðskiptastjóri hjá fyrirtækinu SJÁ, fræðslustjóri VR og stundakennari við viðskipta-deild Háskóla Íslands. Hún kenndi

einnig við MBA námið í HR og hefur haldið fjölda stjórnunartengdra námskeiða við Opna háskólann. Alda er stjórn- mála- og atvinnulífsfræðingur frá Háskóla Íslands, lauk námi í stjórnendamarkþjálfun frá Opna Háskólanum í HR og Corporate Coach University ásamt því að vera með MBA gráðu frá HR.

Hulda Hallgrímsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝSKÖPUNAR OG REKSTRAR

Hulda gekk til liðs við félagið sem framkvæmdastjóri Nýsköpunar og rekstrar í árslok 2022. Hún hefur alþjóðlega reynslu af rekstri, stórum umbreytingarverkefnum, gæðamálum, kerfisinnleiðingum og fleiru frá Össuri þar sem hún starfaði síðastliðin 11 ár eða frá 2011-2022. Í starfi sínu sem forstöðumaður á rekstrar-sviði Össurar var áhersla hennar

m.a. á gæðamál, innleiðingu regluverks lækningatækja, öryggismál og sjálfbærni þvert yfir fyrirtækið á alþjóðavísu. Þar áður starfaði hún sem verkefnastjóri í alþjóðlegum umbreytingaverkefnum þar sem áhersla var á að umbylta ferlum og innleiða nýtt vinnulag og tækni. Áður en hún kom til Össurar starfaði hún á upplýsingatækni-sviði og þróunarsviði Landsbankans við að innleiða nýja ferla og tæknilausnir sem starfsmaður verkefnastofu. Hulda er með B.Sc. og M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði með áherslu á hermun og bestun frá Háskóla Íslands.

SKIPURIT

STJÓRN

STJÓRNARHÁTTA-
YFIRLÝSING



FORSTJÓRI

Yngvi Halldórsson

VODAFONE - FJARSKIPTI

FJÖLMIÐLAR
Þórhallur Gunnarsson

SÝN - INNVIÐIR
Sigurbjörn Eiríksson

ENDOR EHF.
Gunnar Guðjónsson

NÝSKÖPUN OG REKSTUR
Hulda Hallgrímsdóttir

LÖGFRÆÐISVIÐ
Páll Ásgrímsson

FJÁRMÁL OG STEFNUMÓTUN
Kristín Friðgeirsdóttir

MANNAUÐUR
Alda Sigurðardóttir

MIKILVÆGIS- GREINING

Á árinu 2022 var settur á laggirnar stýrihópur í sjálfbærnimálum skipaður stjórnendum Sýnar. Hlutverk stýrihópsins er að styðja við innleiðingu Global Reporting Initiative (GRI) sjálfbærni-staðalsins. Mikilvægur þáttur í innleiðingunni felst í mikilvægisgreiningu (e. Materiality Assessment) sem felur í sér samtali við helstu hagaðila fyrirtækisins, sem og greiningarvinnu bæði innan og utan fyrirtækisins.

Mikilvægisgreiningin er unnin í

samráði við Langbrók ehf. Horft er til starfsemi félagsins og þeirra áhrifa sem hún hefur á efnahag, umhverfi og samfélagið. Í framhaldi er mat lagt á hvaða þættir skipta hagaðila máli og hvað félagið ætti að leggja áherslu á varðandi upplýsingagjöf og stefnumótun í sjálfbærni til framtíðar.

Í lok árs 2022 og byrjun árs 2023 voru haldnir alls fjórir rýnihópar með starfsfólki auk þess sem tekin voru eigindleg viðtöl við lykil hagaðila. Áframhaldandi

greiningarvinna mun fara fram á árinu 2023 með frekari samtali við almenning, starfsfólk, viðskiptavini, hluthafa, birgja og þjónustuaðila Sýnar.

HAGSMUNA- AÐILAR

Stefna Sýnar hf. er að eiga í opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagaðila félagsins og standa vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfseminni.

Sýn er hlutafélag skráð á aðalmarkað Nasdaq OMX Iceland. Upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna hér. Þá hefur félagið sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálf-

stæði fréttastofu, Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, auk þess sem miðlar félagsins starfa á grundvelli útgefinnar ritstjórnarstefnu.

Hagaðilar Sýnar eru fjölmargir en hagaðilagreining félagsins var


unnin af starfsfólki og stjórnendum Sýnar.

Hagaðilar Sýnar skiptast í innri og ytri hagaðila.

Meðal innri hagaðila Sýnar eru starfsfólk, stjórnendur, hluthafar og yfirstjórn.

Meðal ytri hagaðila Sýnar eru náttúran, viðskiptavinir, birgjar, þjónustuaðilar, samstarfsaðilar, dótturfélög, eftirlitsaðilar, aðrir fjölmiðlar, fyrirtæki, stofnanir, greiningaraðilar, féлага- og hagsmunasamtök, umhverfis-samtök, yfirvöld og samkeppni-saðilar.





GRI

GRI
TILVÍSUNAR-
TAFLA

ALMENN UPPLÝSINGAGJÖF

FYRIRTÆKIÐ OG UPPLÝSINGAGJÖF

SÝN - GRI EFNISVÍSIR

UPPLÝSINGAR

SKÝRSLU- GJÖF

HEIMSMARKMIÐIN (SDG)

- | | | | | |
|-----|--|--|--|--|
| 2,1 | Um fyrirtækið | Sýn hf. er alhliða þjónustufyrirtæki sem býður einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum upp á fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Vísi, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977 og dótturfélagið Endor ehf. sem rekur tvö dótturfélög, EC Sweden AB (stofnað 2019) og EC Germany GmbH (stofnað 2020). | | |
| 2,2 | Rekstrareiningar/aðilar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni | Skýrsla Sýnar fjallar um rekstur og starfsemi Sýnar hf. | | |

SÝN - GRI EFNISVÍSIR

UPPLÝSINGAR

SKÝRSLU- GJÖF

HEIMSMARKMIÐIN (SDG)

2,3	Skýrslutímabil, tíðni og samskiptaupplýsingar	Skýrslutímabilið er frá 1.janúar - 31.desember 2022. Ársreikningur Sýnar hf. Er hluti af sjálfbærniuppgjöri Sýnar hf. Tengiliður Sýnar er Kristín Friðgeirsdóttir kristinf@syn.is
2,4	Endurframsettar upplýsingar	Þetta er fyrsta sameiginlega árs- og sjálfbærnisráskýrsla Sýnar hf. þar sem fylgt er eftir GRI sjálfbærnisráskýrslunum.
2,5	Ytri úttekt og vottun	Langbrók ehf. endurskoðar GRI skýrslu og sjálfbærniupplýsingar með takmarkaðri vissu (reasonably assured). Sjálfbærnistefna Sýnar hf. er samþykkt af stjórn og framkvæmdastjórn félagsins.
2,6	Starfsemi, virðisæðja og önnur viðskiptasambönd	Sýn er alhliða þjónustufyrirtæki sem býður einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum upp á fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu. Virðisæðja Sýnar snýr að innviðum og þjónustu fjarskipta í samstarfi við þjónustuaðila, birgja og eftirlitsaðila. Ennfremur á fjölmiðlaeining félagsins í samstarfi við fjölda birgja og þjónustuaðila varðandi framleiðslu á efni fyrir miðla félagsins.
2,7	Starfsfólk	Mannauður

SDG 8

STJÓRNARHÆTTIR

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
2,9	Stjórnskipulag og skipurit	Stjórnarháttayfirlýsing	Já	SDG5
2,10	Tilnefning og val á æðstu stjórnendum	Stjórnarháttayfirlýsing	Já	SDG5
2,11	Stjórnarformaður / forstjóri	Stjórnarháttayfirlýsing	Já	
2,12	Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa af starfseminni	Framkvæmdastjórn ásamt sjálfbærni stýrihópi hefur ábyrgð á innleiðingu ferla, verkefna og aðgerða sem snýr að framkvæmd og eftirliti í innleiðingu á megináherslum í sjálfbærnistefnu og samfélagsábyrgð Sýnar hf.		
2,13	Framsal ábyrgðar fyrir stýringu áhrifa	Sjálfbærnistefna Sýnar hf. samþykkt af stjórn.	Já	
2,14	Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni	Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu félagsins og er samþykkt af framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á þeim málaflokki sem snýra að þeirra rekstrareiningum/starfssviði.	Já	

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU-GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
2,15	Hagsmunaárekstrar	Stjórnarháttayfirlýsing	Já	
2,16	Upplýsingagjöf um veigamikil atriði	Sýn hf. Fylgir starfsreglum stjórnar og leiðbeinandi reglum Nasdaq Iceland er varðar upplýsingagjöf varðandi miðlun veigamikilla atriða. Þá eru þau birt í árshluta- og ársskýrslum félagsins.	Já	SDG8
2,17	Heildarþekking æðstu stjórnar	Stjórnarháttayfirlýsing - Starfsreglur	Já	
2,18	Mat á frammistöðu æðstu stjórnar	Stjórnarháttayfirlýsing	Já	
2,19	Starfskjarastefnur	Ársreikningur Sýnar hf.	Já	SDG8
2,20	Launaákvörðunarferli	Stjórnarháttayfirlýsing	Já	
2,21	Árlegur launasamanburður	Laun og bónusgreiðslur forstjóra sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi er 9,83. Það áttu sér stað forstjóraskipti á árinu sem skýrir hærra hlutfall miðað við árið á undan. Miðgildi heildarlauna karla sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna er 1,13	Já	SDG5

STEFNA, STEFNUMIÐ OG STARFSHÆTTIR

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU-GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
2,22	Yfirlýsing um stefnu í sjálfbærri þróun	Stefna í sjálfbærni- og samfélagsábyrgð	Já	SDG5, SDG8, SDG9, SDG12, SDG 13
2,23	Skuldbindingar samkvæmt stefnumiðum	Stefna í sjálfbærni- og samfélagsábyrgð er samþykkt af stjórn og framkvæmdastjórn Sýnar hf.	Já	
2,24	Samþætting skuldbindinga samkvæmt stefnumiðum	Markmið eru sett og aðgerðir/ferlar innleiddir byggt á stefnu Sýnar hf.	Já	
2,25	Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa	Neikvæð áhrif starfseminnar hefur verið kortlögð að hluta. Áframhaldandi greining er fyrirhuguð er varðar losun í virðiskeðju Sýnar hf. (umfang 3) til að innleiða frekari mótvægisaðgerðir til framtíðar. Markmiðið er að endurnýja samninga við birgja og þjónustuaðila þar sem kallað er eftir auknum upplýsingum þess efnis.	Já að hluta	SDG8, SDG12, SDG13
2,26	Verkferlar til að leita ráðgjafar og tilkynna álitamál	Lögfræðisvið Sýnar hf. sinnir lögfræðilegum fyrirspurnum. Í stærri málum er leitað ráðgjafar ytri lögmanna.	Já	

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
2,27	Samkvæmni við lög og reglur	Stjórnháttayfirlýsing		
2,28	Aðild að samstarfi og félögum	Stjórnháttayfirlýsing	Já	SDG8
2,29	Aðkoma hagsmunaaðila	Stjórnháttayfirlýsing		SDG8
2,30	Kjarasamningar	Starfsmenn Sýnar hf. fylgja og hljóta hlunninda kjarasamningum VR, BÍ, SGS, SA, Rafís.		SDG8
3,1	Mikilvægisþættir	Mikilvægisgreining	Já	SDG8

FJÁRMÁL

FJÁRHAGSLEG FRAMMISTAÐA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
201-1	Bein efnahagsleg verð- mæti sem hafa skapast	Bein fjárhagsleg frammistaða líkt og birtist í árs- reikningi.	Já	SDG8, SDG9
201- 2	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri af völdum loftslagsbreytinga	Vantar greiningu.	Nei	
201- 3	Skilgreint fyrirkomulag skuldbindinga um bætur og annað fyrirkomulag eftirlauna	Auk lögbundinna skyldutryggingar lífeyrisréttinda greiðir Sýn hf. 1,82 % af heildarlaunum starfsfólks í séreignarsjóð.	Já	

201-4	Fjárhagslegur stuðningur frá hinu opinbera	Sýn hf. var úthlutað fjölmiðlastyrk að upphæð 66.767.227 milljónir kr. frá hinu opinbera og skattaafslátt vegna Rannís nýsköpunarverkefna að upphæð 29.344.250 milljónir kr.
-------	--	--

Rannís skattaafsláttur
29.344.250:
Já

SÝNILEIKI Á MARKAÐI

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU-GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
202-1	Byrjunarlaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun á markaði		Nei	
202-2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins	Sýn hf. Skilgreinir Ísland sem nærsamfélag félagsins og eru allir stjórnendur félagsins búsettir á Íslandi.	Já	SDG8, SDG13

ÓBEIN EFNAHAGSLEG ÁHRIF

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU-GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
203-1	Áhrif fjárfestinga í innviðum og þjónustu	Sýn er í samstarfi og styður fjárhagslega við samfélagsverkefni, líkt og innviðauppbýggingu fjarskipta, stuðningur við Tetra ofl.	Já að hluta	SDG8, SDG9, SDG12
203-2	Óbein efnahagsleg áhrif	Samfélagsáhrif og óbein efnahagsleg áhrif Sýnar hf. eru veruleg og koma fram í mikilvægisgreiningu. Áhrif stafrænvæðingar og uppbyggingu fjarskiptainviða eru mikil en það hefur ekki átt sér stað frekari greining á þessum óbeinu áhrifum.	Já að hluta	SDG8, SDG9

ÖFLUN AÐFANGA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU-GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
204-1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Útgjöld Sýnar hf. til birgja skiptist á eftirfarandi hátt; Innlendir birgjar 68% og erlendir birgjar 32%,	Já að hluta	SDG8

SPILLING, ÁHÆTTUMAT OG AÐGERÐIR

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
205- 1	Áhættumat og aðgerðir til að auðkenna spillingu	Stjórnaháttayfirlýsing	Já	
205- 2	Miðlun og þjálfun til að sporna við spillingu	Stjórnaháttayfirlýsing	Já	
205- 3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir	Það eru engin staðfest atvik tilgreind á árinu.	Já	

SAMKEPPNISMÁL

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
206- 1	Heildarfjöldi lögsókna og niðurstöður mála vegna brota á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokunar.	Félagið hlaut ekki dóm fyrir brot á reglum eða stjórnvaldssekt á árinu af hálfu dómstóla eða þar til bærra eftirlitsaðila, að frátaldri ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 4/2021 en þar var lögð á 500.000 kr. stjórnvaldssekt vegna viðskiptaboða á Stöð2 eSport.	Já	

UMHVERFISMÁL

EFNISNOTKUN

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
301-1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli	Klappir- tafla	Já að hluta	
301-2	Hlutfall nýtttra efna sem koma frá endurvinnslu	Vantar gögn.	Nei	
301-3	Tilvik um innkallaðar vörur og umbúðir	Vantar gögn.	Nei	

ORKA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
302-1	Heildarmagn orkunotkunar innan fyrirtækis	Klappir - tafla	Já	SDG8, SDG12,SDG13

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
302-2	Heildarmagn orkunotkunar utan fyrirtækis	Klappir - tafla	Já	SDG8, SDG12,SDG13
302-3	Orkunotkun á framleiðslueiningu - Orkukræfni!	Klappir - tafla	Já að hluta	SDG8, SDG12, SDG13
302-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun	Sýn hf. Innleiðir ný kerfi og útfasar eldri kerfum til að draga úr orkunotkun.		SDG8, SDG12, SDG13
302-5	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu	Sýn hf. hefur innleitt aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu. M.a. með því að birgjar hugi að sinni orkunotkun og að hún sé vistvæn.	Já að hluta	SDG8, SDG12, SDG13

VATN OG FRÁRENSLI

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLUGJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
303-4	Heildarrensli og sundurliðun vatnsnotkunar	Klappir-tafla	Já	SDG12, SDG13
303-5	Heildarmagn vatnsnotkunar	Klappir-tafla	Já	SDG12, SDG13

LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLUGJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
304-1	Starfsemi í nálægð við eða á vernduðum landssvæðum	Á ekki við.	Nei	
304-2	Áhrif starfsemi á líffræðilegan fjölbreytileika	Sýn hf. fylgir verkferlum á vettvangi sem snýr að því að lágmarka umhverfisáhrif á svæðinu.	Já	SDG12,SDG13
304-3	Verndaður eða endurreistur jarðvegur	Á ekki við.	Já	

LOFTSLAGSMÁL - KOLEFNISLOSUN

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLUGJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu	Klappir-tafla (umfang 1)	Já	SDG12, SDG13

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLUGJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (Scope 2)	Klappir-tafla (umfang 2)	Já	SDG12, SDG13
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Scope 3)	Klappir -tafla (umfang 3)	Já að hluta	SDG12, SDG13
305-4	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu	Vantar greiningu	Nei	
305-5	Aðgerðir að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	Félagið kolefnisjafnar starfsemi sína í samtarfi við Kolvið. Ennfremur er unnið í því að draga úr losun meðal annars með samgöngustefnu, útfösun eldri kerfa í fjarskiptum.	Já	SDG9, SDG12, SDG13
305-6	Losun ósóneyðandi efna (ODS)	Gagnahýsing félagsins er hjá Amazon. Gögn vantar varðandi losun.	Nei	
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), brennisteinsoxíðs (SOx) og önnur losun	Á ekki við.		

ÚRGANGUR OG FRÁRENSLI

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLUGJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
306-1	Heildar vatnsfrárennsli eftir viðtökustað og gæðum		Á ekki við	
306-2	Tegund úrgangs og ráðstöfunaraðferðir	Klappir-tafla	Já	SDG12, SDG13
306-3	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka	Engin tilvik skráð á árinu.	Já	
306-4	Flutningur og meðferð spilliefna	Á ekki við	Nei	

UMHVERFISÁHRIF BIRGJA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLUGJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
308-1	Greining á nýjum birgjum byggt á umhverfisiðmiðum	Sýn gerir samninga við birgja og þjónustuaðila er varðar sjálfbærni áherslur og fylgir eftir samningum og umhverfiskröfum Vodafone Group.	Já að hluta	SDG 9, SDG12, SDG13

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLUGJÖF	HEIMSMARKMIÐIN (SDG)
308-2	Neikvæð umhverfisáhrif innan virðiskeðjunnar og mót-vægisaðgerðir	Sýn hf. fylgir starfsreglum Vodafone Group varðandi mat á birgjum. Sýn hf. gerir samninga	Já að hluta	SDG 9, SDG12, SDG13
306-3	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka	Engin tilvik skráð á árinu.	Já	
306-4	Flutningur og meðferð spilliefna	Á ekki við	Nei	

SAMFÉLAGSMÁL

ATVINNA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
401-1	Heildarfjöldi og hlutfall nýrra starfsmanna og starfsmannavelta eftir aldurshópum		Já	SDG5, SDG8
401-2	Hlunnindi fastráðinna starfsmanna í fullu starfi sem hluta- eða lausráðnir starfsmenn fá ekki	Hluta- og lausráðnir starfsmenn fá sömu hlunnindi, að undanskyldu að aðeins fast-ráðnir starfsmenn geta orðið hluthafar í félaginu	Já	SDG5
401-3	Fæðingaorlof - Hlutfall þeirra sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingaorlof	Allir sneru aftur eftir foreldraorlof	Já	SDG5

KJARAMÁL

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
402-1	Upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi breytingar á starfsemi fyrirtækisins	Farið er eftir ákvæðum samkvæmt kjarasamningi SGS, VR og SA.	Já	SDG8

VINNUEFTIRLIT

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
403-1	Skipulag og stjórnun heilbrigðis og öryggismála	Skipulag og stjórnun er í höndum Öryggis- og vinnuverndarnefndar.	Já	SDG8
403-2	Áhættumat, áhættugreining og rannsókn á slysum	Öryggis- og vinnuverndarnefnd.	Já að hluta	SDG8
403-3	Vinnueftirlit á hættulegum störfum (aukin áhætta á þróun starfstengdra sjúkdóma)	Öryggis- og vinnuverndarnefnd sér um áhættumat, skilgreiningu og verklag.	Já	SDG8

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
403-4	Þáttaka starfsmanna í fræðslu og forvörnum á heilsu og öryggi í starfi.	Starfsmenn fá fræðslu um vinnuvernd og öryggismál í nýliðaþjálfun og í almennri fræðslu á hverju sviði.	Já	SDG8
403-5	Fræðsla og þjálfun í öryggismálum/vinnueftirlit starfsmanna	Starfsmenn fá fræðslu um vinnuvernd og öryggismál í nýliðaþjálfun og í almennri fræðslu á hverju sviði.	Nei	
403-6	Fræðsla og aðgerðir til að efla heilbrigði starfsmanna	Starfsmenn fá aðgengi að heilbrigðisþjónustu, fá heilsustyrk og sálfræðiþjónustu. Sýn á í samstarfi við Vinnuvernd varðandi þessi mál.	Já	SDG8
403-7	Forvarnir og inngrip í tengslum við heilsu og þjónustu annarra starfsmanna	Vinnuverndarstefna og vinnuverndarhandbók Sýnar.	Já	SDG8
403-8	Starfsmenn sem falla undir sérstakt heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi	Starfsmenn er starfa við hættuleg störf hjá félaginu eru sértryggðir og fara reglulega í læknisskoðun ennfremur er þeim úthlutað heilsustyrk.		
403-9	Atvinnutengd slys	Klappir - tafla	Já	SDG8
403-10	Atvinnutengdir sjúkdómar		Nei	

MENNTUN OG ÞJÁLFUN

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
404-1	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsmenn fá í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein	Vantar gögn	Nei	
404-2	Aðferðir til að stuðla að aukinni hæfni eða stjórnun starfsloka		Nei	
404-3	Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki	Starfsmannaviðtöl eru haldin árlega.	Já að hluta	SDG8

FJÖLBREYTTILEIKI OG JÖFN TÆKIFÆRI

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
405-1	Fjölbreytileiki í stjórnunarstöðum og hjá starfsmönnum	Klappir - tafla	Já	SDG 5, SDG 8
405-2	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfi og starfsstöðvum	Klappir - tafla	Já	SDG 5, SDG 8

SÝN - GRI EFNISVÍSIR

UPPLÝSINGAR

SKÝRSLU- GJÖF

HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)

404-3 Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki

Starfsmannaviðtöl eru haldin árlega.

Já að hluta

SDG8

VINNURÉTTINDI

SÝN - GRI EFNISVÍSIR

UPPLÝSINGAR

SKÝRSLU- GJÖF

HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)

406-1 Brot á vinnuréttindum og mót-vægisaðgerðir

Engin tilvik voru tilgreind er varðar brot á jafnréttis- og mannréttindastefnu félagsins.

Já

SDG 5, SDG 8

FÉLAGAFRELSI

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
407-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru í áhættu varðandi brot á rétti einstaklinga til félagsfrelsis og kjarasamninga	Sýn hf. Fylgir eftir kröfum og mati Vodafone Group á starfsháttum birgja þar sem eru skýrar reglur um eftirlit og vottun er varðar mannréttindi og vinnuréttindi birgja.		SDG 8

VINNA BARNA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
408-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á réttindum barna	Sýn hf. framfylgir stefnu gegn barnaþrælkun.	Já	SDG 8

NAUÐUNGARVINNA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
409-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á vinnuréttindum starfsmanna	Sýn hf. framfylgir stefnu gegn nauðungarvinnu.	Já	SDG 8

MANNRÉTTINDI

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
410-1	Þjáfun starfsmanna í mannréttindastefnu eða verklagsreglum fyrirtækisins	Sýn hf. fylgir eftir mannréttindastefnu.	Já	SDG 5, SDG 8

NÆRSAMFÉLAG

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
413-1	Aðgerðir/verkefni í samstarfi við nær-samfélagið.	Samfélagsþátttaka Sýnar hf. byggir á stefnu og áherslum félagsins í sjálfbærni.	Já	SDG 8, SDG 9
413-2	Starfsemi sem gæti haft neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Það hefur ekki verið gerð greining á neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið.	Nei	

SAMFÉLAGSÁHRIF BIRGJA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
414-1	Kortlagning á félagslegum krítérium nýrra birgja	Sýn hf. fylgir kortlagningu Vodafone Group á félagslegum krítérium nýrra birgja.	Já að hluta	SDG 8, SDG13
414-2	Neikvæð samfélagsáhrif í virðiskeðju og aðgerðir	Það hefur ekki verið framkvæmd greining á neikvæðum áhrifum í virðiskeðju.	Nei	

STEFNA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
415-1	Fjárframlag til stjórnmalastarfs	Sýn hf. leggur ekki til nein fjárframlög til stjórnmalastarfs.	Já	SDG 8

ÖRYGGI OG HEILSA VIÐSKIPTAVINA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU- GJÖF	HEIMSMARK- MIÐIN (SDG)
416-1	Mat á áhrifum á heilsu og öryggi á sviði vöru og þjónustu	Það hefur ekki verið framkvæmt mat á þeim áhrifum.	Nei	
416-2	Heilsa og öryggi - Tilvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum.	Engin tilvik skráð á árinu.	Já	SDG 8

MARKAÐSMÁL OG MERKINGAR


	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU-GJÖF	HEIMSMARK-MIÐIN (SDG)
417-1	Reglur varðandi merkingu á vöru og þjónustu	Sýn hf. framleiðir ekki vörur líkt og segir til í þessum vísi en hefur afhent myndlykla í pappakössum sem hægt er að endurvinnna.	Já	SDG 8, SDG 12, SDG 13
417-2	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum varðandi merkingar á sviði vöru og þjónustu	Engin atvik komu upp á árinu.	Já	
417-3	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir vinnuferlum í kynningar- og markaðsmálum	Engin atvik komu upp á árinu.		

PERSÓNUVERND VIÐSKIPTAVINA

	SÝN - GRI EFNISVÍSIR	UPPLÝSINGAR	SKÝRSLU-GJÖF	HEIMSMARK-MIÐIN (SDG)
418-1	Kvartanir er varða brot á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina.	Engar kvartanir bárust vegna mögulegra brota á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina.	Já	SDG 8, SDG 12, SDG 13

VIRÐISKEÐJA SÝNAR





2. hluti

OKKAR SÝN

STEFNA

Sýn hf. er alhliða þjónustufyrirtæki sem býður einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum upp á fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Vísi, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977 og dótturfélagið Endor ehf.


Stefna félagsins er að vera nútímalegt þjónustufyrirtæki þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á að rækta langtíma viðskiptasamband sem byggist á virðingu og trausti. Megináhersla er lögð á að stuðla að nýsköpun og framþróun fyrirtækisins með sjálfbærni og hagsmuni hagaðila í fyrirrúmi.

Kjarninn í stefnunni er upplifun viðskiptavina okkar og er einfaldleikinn í fyrirrúmi. Við einföldum einnig reksturinn ásamt ferlum og kerfum innanhúss. Við höfum stóran og tryggan hóp viðskiptavina sem okkur er annst í um og leggjum okkar fram við að sinna. Stefna félagsins endurspeglast í nálgun okkar á sjálfbærni í rekstri, ríkri áherslu á umhverfis- og félagsþætti í starfseminni, góðum stjórnarháttum, áhættu- stýringu, ánægju starfsmanna og

menningu. Markmið okkar er að vaxa með því að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar og rækta langtímasamband við þá. Ánægja viðskiptavina er í fyrsta sæti.

Við bætum rekstrarmódelið okkar stöðugt með því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og nýta okkur tækniþróun viðskiptavina okkar til góðs. Við ræktum nýsköpun sem skilar okkur í nýjum tekjustoðum ásamt vörum og þjónustu við viðskiptavini. Við leitum stöðugt tækifæra til að auka sveigjanleika í rekstri með sölu eigna og úthýsingu á þjónustu. Með slíkum breytingum getum við betur veitt viðskiptavinum góða og gagnsæja upplifun af viðskiptasambandinu og aukið ánægju þeirra.

Grunnkerfin okkar tengja saman fjölskyldur, vini, fyrirtæki og stjórnvöld. Við teljum að tækni og samskipti séu framtíðarmáttarstólpar samfélagsins, þættir sem munu hafa mikil áhrif á líf fólks og auðvelda það. Við ætlum að vera mikilvægur þátttakandi í þeirri vegferð.





FRAMSÆKIN FJARSKIPTI

Vodafone gegnir samfélagslega mikilvægu hlutverki en félagið gerir hundrað þúsund Íslendingum kleift að tengjast fólki og umheiminum á hverjum degi bæði í leik og starfi með því að bjóða upp á alhliða fjarskiptaþjónustu og snjallar og framúrskarandi vörur.

Markmið Vodafone er að skapa stafrænt samfélag sem allir geta tekið þátt í, óháð félagslegri og efnahagslegri stöðu, aldri og kyni. Tæknin og tækifærin sem hún skapar eiga að vera aðgengileg öllum og þannig stuðla að framþróun fyrir samfélagið allt.

Vodafone er eitt þekktasta vörumerki heims og fylgir eftir stefnu og stöðlum Vodafone Group. Merki Vodafone og myndheimur um allan heim er mikill aðgreiningarþáttur og auðþekktanlegur. Myndheimurinn er raunverulegur, fjölbreyttur, rauður og hlýr. Vodafone leggur mikið uppúr því að sýna

fjölbreytileika í efni sínu og að styðja við alla viðskiptavinum þegar kemur að tækni óháð félagslegri og efnahagslegri stöðu, aldri og kyni.

Vodafone nýtir sína eigin miðla til að miðla efni, leiðbeiningum og öðrum upplýsingum, á vef fyrirtækisins, samfélagsmiðlum og í verslunum Vodafone. Jafnframt birtir Vodafone efni á miðlum Sýnar og nær þannig á auðveldan hátt til fjölda landsmanna. Vörumerkjapækking Vodafone á Íslandi mælist 100% meðal almennings á Íslandi og um 83% landsmanna telja sig þekkja Vodafone vel eða mjög vel.

Stöðug og sjálfbær fjarskipti skipta Vodafone miklu máli og er lögð rík áhersla að tryggja rekstur þeirra. Á árinu var

innleidd ný tækni sem einfaldar fólki, bæjarfélögum og jafnvel hlutum að tengjast saman. Höfuð áhersla er að koma á mótis við þarfir nútímans er varðar net- og farsímasamband. Leiðarljós Vodafone er að viðskiptavinurinn vísar ávallt veginn og er stöðugt unnið að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum.



5G allan hringinn

5G uppbygging lék stórt hlutverk á árinu hjá Vodafone. Fjaraskipta-samband hjá um 40 bæjarfélögum um allt land var bætt verulega. Alls 70 5G sendar voru settir upp til að tryggja rafræn

samskipti þannig að viðskiptavinir Vodafone séu í góðu sambandi. Sífelld fleiri viðskiptavinir Vodafone velja einfaldleikann sem ný 5G þjónusta býður upp á. Þessi nýja tækni býður upp á enn meiri hraða og stöðugleika í nettengingum sem hentar bæði einstaklingum og heimilum.

Á ýmsum stöðum á landsbyggðinni þar sem tengimöguleikar voru takmarkaðir áður, hefur 5G stórbætt samband og hefur upplifun og endurgjöf viðskiptavina Vodafone verið mjög jákvæð. Vodafone stefnir á enn frekari uppbyggingu á 5G kerfinu á árinu 2023.



Gott samband hvar og hvenær sem er

Eftir miklar ferðatakmörkanir á síðustu árum ferðuðust Íslendingar oftar erlendis en nokkru sinni fyrr á árinu 2022. Viðskiptavinir njóta góðs af alþjóðlegum samningum Vodafone á ferðalögum um allan heim og hringdu viðskiptavinir heim til Íslands frá yfir 130 löndum árið

2022. Á árinu hóf Vodafone opnanir á 5G reiki erlendis og undir árslok gátu viðskiptavinir notað 5G hjá 56 erlendum fjaraskiptafélögum í 45 löndum.

Fyrstu VoLTE opnanirnar fyrir viðskiptavinir Vodafone erlendis komu inn undir lok árs. VoLTE (e. Voice over Long-Term Evolution) eykur gæði símtala en er jafnframt nauðsynlegur þáttur til að hefðbundin símtöl geti átt sér stað eftir að slökkt hefur verið á 2G og 3G kerfum fjaraskiptafélaga.

Einfaldlega betra saman

Í lok árs var kynnt ný þjónustuleið, Stöð 2+ og Net sem hentar minni fjölskyldum og einstaklingum vel, en þar fær heimilið ótakmarkaða nettengingu og aðgang að stærstu streymisveitu landsins með innlent efni á hagstæðu verði. Varan hefur mælst vel fyrir meðal viðskiptavina og hafa áskrifendur að Stöð 2+ aldrei verið fleiri en í árslok.

Framúrskarandi þjónusta

Viðskiptavinurinn er í hjarta allra athafna Vodafone og í þjónustustefnu félagsins er lögð rík áhersla á að hlusta á viðskiptavini og fara fram úr væntingum þeirra. Á árinu 2022 var unnið að fjölmörgum verkefnum til að tryggja viðskiptavinum bestu mögulegu upplifun á þjónustu fyrirtækisins.


Ánægja viðskiptavina Vodafone hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og hefur ánægja aldrei mælst hærri en árið 2022 bæði í mælingum

fyrirtækisins og samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni. Vodafone var eina fyrirtækið á fjarskiptamarkaði þar sem ánægja viðskiptavina jókst milli ára. Það er markmið Vodafone að eiga ánægðustu viðskiptavinina á fjarskiptamarkaði samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni og með frábærum vörum og framúrskarandi starfsfólki er unnið markvisst að því markmiði.

Betra símasamband

Með nýrri tækni koma nýjar lausnir og á árinu 2022 voru tvær stórar uppfærslur gerðar á gæðum símtala. Símkertið var flutt af svokölluðu POTS kerfi yfir á heimasíma sem notar IP tækni (VoIP). Jafnframt var innleidd ný tækni fyrir farsímaþjónustu, VoLTE, sem eykur hljómgæði símtala til muna. Bæði heimasíma- og

farsímaþjónusta byggja nú á því að símtöl fari í gegnum 4G og 5G í staðinn fyrir 2G og 3G. Þessi breyting felur í sér aukin gæði í þjónustu og tryggir viðskiptavinum Vodafone örugga heimasíma- og farsímaþjónustu.



Bætt upplifun

Vodafone vinnur stutt og stöðugt að því að bæta þjónustu- og notendaupplifun viðskiptavina. Á árinu var bætt við þjónustustig til að minnka biðtíma viðskiptavina. Biðtími í þjónustuveri hefur minnkað verulega og var í loka árs tvær mínútur. Viðmót sjónvarpsþjónustu var breytt til að einfalda aðgengi að efni og leit að efni einfölduð og framsetning bætt, með upplifun viðskiptavina að leiðarljósi.

Yfir 11.000 viðskiptavinir fengu á árinu nýjan og öflugri router afhentan. Um 31% fleiri viðskiptavinir eru nú ánægðari með net-samband heimilisins en á árinu á undan. Ennfremur sýna mælingar að brottfall er mun minna hjá viðskiptavinum sem eru með nýja routerinn en öðrum.

Sterk staða á fyrirtækjamarkaði

Þjónusta fyrirtækjasviðs Vodafone snýr að því að styðja við þarfir

og markmið fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, allt frá einyrkjum upp í stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins. Riflega 7.000 fyrirtæki treysta Vodafone fyrir fjarskiptum sínum og má þar nefna marga af þeim aðilum sem sinna öryggis- og neyðarþjónustu á Íslandi eins Neyðarlínuna, Landsbjörg, Ríkisútvarpið, Landhelgisgæsluna, Securitas, Landspítalann og Vegagerðina. Þessi fyrirtæki gera miklar kröfur um



gæði, öryggi og góða þjónustu sem er Vodafone mikil hvatning um að vera ávallt í fremstu röð.

Leiðarljósið í samstarfi Vodafone og viðskiptavina eru góð samskipti með langtíma-hagsmuni að leiðarljósi. Brottfall á fyrirtækjamarkaði er mjög lítið og var árangur í endurnýjuðum samningum framúrskarandi á árinu 2022. Um 90% af stærstu fyrirtækjum í viðskiptum eru með langtímasamning við fyrirtækið.

Það er stefna Vodafone að vera í fararbroddi á fjarskiptamarkaði. Lögð er mikil áhersla á að greina þarfir markaðarins með nýsköpun og vöruþróun. Það er mikill styrkur fyrir Vodafone að vera í alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group og á þann hátt gefst viðskiptavinum kostur á ráðgjöf á alþjóðamörkuðum og

við nýsköpun sem hefur reynst vel og skapað ný tækifæri.

Snjallar lausnir

Vodafone er leiðandi í þjónustu hlutanets lausna (e. IoT) á heimsvísu og hjálpar sífellt fleiri viðskiptavinum að nýta sér hlutanetið. Tengdum tækjum fjölgar hratt og geta skynjarar og snjalltæki stutt við snjallvæðingu, aukið skilvirkni, dregið úr sóun og


minnkað losun sem hefur haft jákvæð áhrif á sjálfbærni markmið fyrirtækja. Tengdir skynjarar geta sagt til hvort og hvenær þurfi að tæma sorptunnur og gáma, mæla meðal annars orkunotkun, loftgæði, umferð og hljóð og veita þannig upplýsingar í rauntíma. Vodafone hjálpar viðskiptavinum og samstarfsaðilum að ná árangri með snjallri ráðgjöf og réttum samskiptum sem henta hverju verkefni með hámarksnýtingu aðfanga að leiðarljósi.

Uppbygging dreifikerfis

Uppfærsla á fjarskiptakerfum gekk vel árið 2022 og býður Vodafone nú upp á landsdekkandi LTE-M

kerfi sem er sérhannað fyrir tengd tæki og kemur til viðbótar við NB-IoT dreifikerfi en bæði kerfin tilheyra nýrri kynslóð farsímakerfa fyrir tengd tæki. Þetta gerir Vodafone kleift að hjálpa sífellt fleiri viðskiptavinum að tengja tæki til að bæta nýtingu og skilvirkni.

Fjarskipti nútímans eru á fleygiferð þar sem ör þróun og nýjar lausnir líta dagsins ljós á hverjum degi. Vodafone ætlar sér að vera áfram í fararbroddi á fjarskiptamarkaði.



sýn



FRAM- SÆKNIR FJÖLMÍÐLAR

Um 95% landsmanna á aldrinum 18-80 ára nota fjölmiðla Sýnar í hverri viku samkvæmt mælingum Gallup og 74,5% nota þá daglega. Niðurstaðan endurspeglar mikið traust til miðlanna og hvetur þá til að sýna sjálfstæði, fagmennsku og ábyrgð.

Öll vörumerki fjölmiðla Sýnar eru hluti af íslensku samfélagi og er það mikið ábyrgðarhlutverk. Stefna félagsins í samfélags-ábyrgð er höfð þar að leiðarljósi. Við berum virðingu fyrir viðskiptavinum okkar og leggjum kapp á að veita þeim framúrskarandi upplifun og þjónustu.

Eitt af markmiðum fjölmiðla

Sýnar er að endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins og gefa fólki rödd. Efnið endurspeglar íslenskt samfélag með framúrskarandi íslensku fréttafni og framleiðslu á menningar-, fræðslu- og skemmtipáttum. Íslenskt íþróttafni er stór hluti dagskrár fjölmiðlanna og mikil metnaður er lagður í að tryggja jafnvægi í umfjöllun um íþróttir kvenna- og karla. Á fjölmiðlum

Sýnar er lögð áhersla á að stuðla að nýsköpun og framþróun til að tryggja sem besta þjónustu og upplifun fyrir viðskiptavinum og hagaðila.

Kynningar og markaðsstarf fjölmiðlanna byggir á því að efla orðspor vörumerkja félagsins og ímynd. Markaðsefnið endurspeglar eðli dagskrárefnis hverju sinni og býður upp á aðgengi að fjölbreyttari umfjöllun og efnistöfum. Upplýsingagjöf fer fyrst og fremst fram á eigin miðlum, í verslun Vodafone og á samfélagsmiðlum. Þannig fá viðskiptavinir upplýsingar með greiðum hætti.



Stöð 2 - Innland þáttagerð í fyrirrúmi

Síðustu ár hefur sérstök áhersla verið lögð á vandaða, innlenda þáttagerð og var engin undantekning þar á árið 2022. Fjölmarginir nýir þættir hófu göngu sína auk þess haldið var áfram með framleiðslu á vinsælustu þáttunum.

Stærsta



framleiðslan á árinu var án efa Ídöl sem hóf göngu sína að nýju eftir nokkurra ára hlé með viðfrábærar viðtökur.

Með nýjum áherslum á Stöð 2 ætlar fyrirtækið að viðhalda góðri áskriftarstöðu og skapa stöðugleika í fjölda áskrifta. Lykillinn að því er að efla enn frekar áhorf milli kl. 18.00 til 20.00 á hverju kvöldi. Áherslan er byggja upp öflugri fréttatíma með frekari tengingu við íþróttafréttir og dægurmálaþáttinn Ísland í dag. Þessar breytingar munu ekki leiða til mikils umframkostnaðar heldur munu þær styðja við áform sem vvið höfum unnið að í nokkurn tíma. Í kjölfar 40-50 mínútna dægurmálaglugga er stefnt að því að frumsýna íslenskt sjón-

varpsefni að minnsta kosti fimm kvöld vikunnar. Stöð 2 ætlar að skerpa enn frekar á sérstöðu hinnar línulegu sjónvarpsstöðvar með gagnvirkri þátttöku áhorfenda í formi kosninga, kannana, leikja ofl.

Stöð 2 Sport - Endurnýjun á íslensku sporti

Megináhersla og markmið íþróttadeildar er að bjóða upp á hágæða frétt aflutning og umfjöllun um íþróttir á íslensku, hvort sem er innlendar eða af alþjóðlegum vettvangi. Á árinu var af nógu að taka, enda mikill fjöldi viðburða í beinni útsendingu og fjölmarginir þættir framleiddir, bæði umfjöllunarþættir og heimildaþættir.



Stöð 2 Sport er heimili íslenskra íþróttenda mikill fjöldi leikja og þátta sýndur úr íslenskum fótbolta, handbolta og körfubolta. Á árinu fór Besta deildin, Íslandsmót karla og kvenna í fótbolta, fram undir nýju heiti en Sýn hefur tryggt sér sýningarrétt frá Bestu deildunum frá 2022 til 2026.

Allir leikir Bestu deildanna voru sýndir, ýmist á Stöð 2 Sport eða í Sportheimi Sýnar sem tók miklum breytingum á liðnu ári. Mikið af efni var þar gert aðgengilegt með auðveldum hætti, hvort sem um var að ræða beinar útsendingar eða upptökur af leikjum og þáttum.

Mikill fjöldi umfjöllunarþátta um íslenskar og erlendar íþróttir voru framléiddir á árinu, um íslenskan fótbolta, handbolta og körfubolta, Meistaradeild Evrópu,

ensku bikarkeppnina sem og bandarísku NFL- og NBA deildirnar.

Stærsta útsending Stöðvar 2 Sports á árinu var viðureign Vals og Tindastóls í lokaúrslitum Íslandsmóts karla í körfubolta. Útsendingin hlaut metáhorf og vakti leikurinn slíka athygli hjá íslensku þjóðinni að annað eins hefur ekki sést í íslenskum körfubolta. Alls sáu 8,8% þjóðarinnar leikinn sem vitanlega er birtingarmynd af mun fjölmennari hóp þar sem fæstir horfa á stórleiki í einrúmi.


Stöð 2 Sport hefur einnig sinnt heimildapáttagerð af mikilli alúð. Á árinu var sýnd glæsileg heimildapáttaröð í sex hlutum um Jón Arnór Stefánsson, fremsta körfuboltakappa sem Ísland hefur alið af sér. Þá hlutu

þættirnir „Víkningar – Fullkominn endir“ Edduverðlaun sem besta íþróttæfni ársins. Fleiri verkefni af svipuðum toga eru í vinnslu og verða sýndir á næstu misserum.

Stöð 2+ Streymisveita í sókn

Fyrir rúmu ári voru gerðar áherslubreytingar á Stöð 2+ með það að markmiði að styrkja sérstöðu hennar sem streymisveitu með íslenskt sjónvarpsefni. Allir þættir nema fréttir, dægurmálaþættir og beinar útsendingar fara beint inn á Stöð 2+ og eru frumsýndir þar samhliða útsendingu Stöðvar 2. Í vor setti fyrirtækið af stað Ævintýraheim barna á Stöð 2+ og er streymisveitan nú sú íslenska streymisveita sem býður upp á mest úrval af barnaefni með íslensku tali. Stöð 2 gerði einnig samning við dreifingar-

aðillan Kritic á árinu og hefur þannig aukið úrval evrópsks efnis á streymisveitunni. Stöð 2+ sló



nýtt met í áskriftarsölu í desember þegar tæplega 45 þúsund heimili voru með áskrift.

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar

Árið 2022 tók fréttastofan stórt skref í þá átt að vera sameinuð fréttastofa á öllum miðlum þar sem efnið hefur ráðið för í stað þess að takmarka sig við starfsstöðvar eða ákveðinn miðil. Þannig starfa fréttamenn og framleiðslufólk þvert á miðla í daglegu starfi þar sem fyrst og fremst er litið til þess hvaða miðill eða fréttabáttur hentar best fyrir

efnið. Markmiðið er skýrt; að bæta þjónustu við lesendur, áhorfendur og hlustendur enn frekar með því að miðla fréttafni á sem bestan hátt – hvort sem það eru mikilvægar upplýsingar, djúp umfjöllun, fréttaskýringar eða umræða um mál sem eru í deiglu.

Árangurinn lætur ekki á sér standa. Fréttamenn hafa vaxið og dafnað og náð að koma mikilvægum málum til skila, í réttum farvegi og á réttum miðli. Árið 2022 auk Stundarinnar fékk fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og



Bylgjunnar flestar tilnefningar til Blaðamannaverðlaunanna árið 2022, eða þrjár talsins. Fréttastofan fékk tvær Eddu tilnefningar fyrir fréttar- eða viðtalsþátt ársins, jafn margar og dagskrárdeild Stöðvar 2. Þannig átti starfsfólk fyrirtækisins fjórar af fimm tilnefningum í flokknum.

Vísir

Vísir hefur ítrekað verið mest lesni vefur landsins á árinu. Á Vísi er hlaðborð efnis – allar fréttir fréttastofunnar, efni frá dagskrárdeild og útvarpi, hlaðvarpsþættir, sjónvarpsþættir og dægurefni. Þrátt fyrir hlaðborðið leggur fréttastofa áherslu á að Vísir sé fyrstur með áreiðanlegar og vel unnar fréttir jafnframt að þær séu aðgengilegar fyrir lesendur.

Tvær leiðir hafa stóraukið og

einfaldað upplýsingaflæði til lesenda hratt og örugglega. Annars vegar að vera í beinni útsendingu á vefnum við hvert tækifæri; hvort sem það er blaðamannafundur, útsending frá næturlífinu í miðbænum eða umræður í sjónvarpssal. Hins vegar að vera með vakt þar sem allt það helsta um ákveðið málefni er sett undir sama hatt á vefnum – um leið og upplýsingar berast fréttastofu. Þannig fá lesendur fréttirnar beint í æð en auk þess yfirsýn. Stærstu vaktirnar á árinu eru Úkraínuvaktin sem var í loftinu fyrstu hundrað dagana eftir innrásina í Úkraínu og Veðurvaktin sem var virkjuð nokkrum sinnum á árinu í óveðri til að upplýsa lesendur um gang mála.

Kvöldfréttir og Ísland í dag



Í kvöldfréttum er sjónvarpsmiðillinn nýttur til hins ítrasta til að miðla helstu málum dagsins til áhorfenda. Áhersla er lögð á myndrænt efni, viðtöl við fólk - ekki eingöngu ráðamenn og sérfræðinga, og að vera í beinni útsendingu eins og kostur er.

Um helgar er lögð áhersla á lengri umfjallanir sem unnar eru með meiri undirbúningi og tíma. Þegar fréttamálin þurfa enn

lengri tíma í vinnslu - hvort sem um er að ræða lengri viðtöl eða dýpri fréttaskýringu - vinnur fréttamaður innslag í Ísland í dag.

Mörg sterk fréttamál hafa ratað þangað á árinu sem fréttastofa hefur svo fylgt eftir. Þegar efnið eða viðmælandinn kallar á enn lengri umfjöllun er þeirri þörf mætt með sérstökum viðtalsþætti svo sem þegar Vigdís Finnbogadóttir gerði upp forsetatíð sína í viðtali við Heimi Má Pétursson í þættinum „Vigdís - forseti á friðarstóli“.

Annálar og Kryddsíld

Fréttastofa leggur mikið upp úr að gera upp árið - stærstu fréttirnar og jafnvel mál sem ekki enn

eru leyst en mögulega búið að snjóa yfir. Til þess að kryfja málin og setja þau í samhengi fyrir almenning í stað einfaldrar upprifjunar - var árið gert upp í tuttugu annálum um jafn mörg fréttamál sem sýndir voru í desember.

Á gamlársdag viðhélt fréttastofa venju sinni með því að bjóða formönnum stjórn mála flokkanna í Kryddsíld og gera upp árið - í þægilegu andrúmslofti í einni glæsilegustu leikmynd sem



gerð hefur verið fyrir þáttinn. Í umræðum skapaðist gott samtal milli ráðamanna - bæði snörp um pólitíkina og ögn mildari um persónuleg málefni.

Innherji og áskriftir á Vísi

Innherji var upphaflega settur í loftið í lok árs 2021 en varð að áskriftarvef í lok árs 2022. Innherja er ritstýrt af Herði Ægissyni, sem er einn reyndasti viðskiptablaðamaður landsins. Markmið Innherja er að vera leiðandi í umfjöllun um viðskiptalífið, efnahagsmál og stjórn mála á Íslandi. Tilkoma Innherja markar áveðin tímamót fyrir Vísi, þar sem þetta er fyrsta áskriftarvaran sem boðið er upp á af þessum stærsta vefmiðli landsins. Sú tæknilega þróun sem hefur átt sér stað með tilkomu Innherja mun jafnframt leggja grunninn að því að hægt sé að stórbæta

framboð af efni og þjónustum á Vísir. Við setjum okkur háleit markmið á þessu ári með fjölgun áskrifenda og nýjum viðfangs-efnum.

Útvarp – Allir eru að hlusta!

Útvarpsstöðvarnar standa vel að vígi og hlusta 70,5% landsmanna á þær. Þessi árangur hefur leitt til aukningar auglýsingatekna auk áherslubreytinga á sölu auglýsinga. Samstarf auglýsingadeildar, dag-

skrárgerðarfólks og markaðsdeildar fjölmiðla hefur verið til fyrirmyndar og viðburðir á við Bylgjulestina, Garðpartý, tónleikaraðir á fimmtudagskvöldum og Eldhúspartý hafa blómstrað. Sykurmolinn er orðinn árviss verðlaunahátíð á X-inu sem og lónaðarmaður ársins.

Stærsti viðburður útvarpsstöðvanna er Hlustendaverðlaun Bylgjunnar, FM957 og X977 sem hefur unnið sér sérstakan sess hjá íslensku tónlistarfólki. Útvarpsstöðvarnar hafa aukið samstarf við Kítón, konur í íslenskri tónlist sem fá sérstaka athygli á verðlaunahátíðinni í vor.

Útvarpsstöðvar fjölmiðla Sýnar hafa tekið miklum jákvæðum breytingum á undanfönum árum. Til dæmis hefur markvisst verið unnið að því að fjölga konum í dagskrágerð sem hafa komið með ferska nálgun inn í þáttagerðina.

Tal - Hlaðvarpsheimur

Uppbygging á hlaðvarpsheimi Sýnar, undir nafninu Tal hélt áfram á árinu og er einn helsti vaxtarbroddur fjölmiðla fyrirtækisins. Áskriftartengd



hlaðvörp á vegum Tal eru nú aðgengileg í gegnum útvarpsöpp Bylgjunar, FM957 og X-ins. Blökastið er eitt stærsta áskriftarhlaðvarpið á Íslandi í dag og fyrsta sería af Eftirmálum fékk gríðarlega góða hlustun á árinu.





MIKILVÆGIR INNVIÐIR

Félagið hefur á síðustu tveimur áratugum byggt upp öflugt fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna. Innviði, dreifikerfi fastlínu, farsíma, sjónvarps og útvarps er byggt á útstöðvum, sendum, miðlægum búnaði og flutningskerfum.

Innviðir félagsins tryggja samkeppnishæfni og framlegð á virkum fjarskiptamarkaði. Sýn er með fjarskiptabúnað á yfir 800 stöðum á Íslandi og í fjórum löndum til viðbótar en öll kerfi félagsins eru vöktuð allan sólarhringinn af stjórnborði sem einnig vaktar kerfi Neyðarlínunnar og annarra fjarskiptafélaga. Sýn tryggir þannig viðskiptavinum félagsins

örugga, síma-, internet- og gagnaflutningsþjónustu til og frá landinu.

Sala á stofnneti Sýnar

Þann 5. september 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samkomulag um einkaviðræður um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar, sem hefur verið í uppbyggingu síðustu 22 árin, ásamt hels-

tu skilmálum samninga um langtíma þjónustusamning milli félaganna.

Þann 20. desember var kaupsamningur um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og langtíma þjónustusamningur milli félaganna undirritaðir.

Umsamið kaupverð er 3.000 m.kr., kaupsamningsgreiðsla mun innt af hendi í áföngum á næstu mánuðum og verður kaupverðið að fullu greitt eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 m.kr. og nemur söluhagnaður því 2.436

m.kr. og mun bókfærast að fullu við afhendingu.

Samhliða kaupsamningi hefur verið gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluaðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsnét Ljósleiðarans, sem og þjónustu um internettengingar til útlanda. Þessi einföldun á rekstri innviða Sýnar skilar sér í lægri fjárfestingaþörf og lægri rekstrarkostnaði til framtíðar. Með sölnunni er stuðlað að uppbyggingu og rekstri á öflugum fjarskiptaneti. Þar sem lögð er aukin áhersla á hágæða



fjarskiptaþjónustu með öflugum tæknibúnaði og mikilli flutningsgetu á hagstæðu verði.

Samrunatilkynning vegna kaupa Ljósleiðarans ehf. á stofnneti Sýnar hf. ásamt gerð langtíma þjónustusamnings um kaup á fjarskiptaþjónustu er nú til umfjöllunar og meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

5G uppbygging

5G uppbygging Sýnar hófst með krafti árið 2022, en tæknimenn félagsins gangsettu 70 5G senda í um 40 bæjarfélögum. Á næstu 2 árum mun uppsetning halda áfram af miklum krafti og fyrirhugað er að klára uppsetningu á yfir 130 sendum í 55 bæjarfélögum í lok árs 2023. Á árinu 2024 er stefnan sett á að fjöldi 5G senda verði um 200 í 65 bæjarfélögum, eða um 30%

af sendastöðum Sýnar. Í árslok 2022 var Sýn með 60 5G reikisamninga við erlend fjarskiptafélög og 5G þjónustu í 45 löndum. Sýn er með metnaðarfullar áætlanir og ætlað að vera leiðandi á íslenskum markaði í 5G þjónustum bæði innanlands og erlendis.

Hvað er 5G?

5G er næsta kynslóð farneta, þessi kynslóð hefur verið kölluð net iðnaðarins og er í raun límið í fjórðu iðnbýltingunni, forsenda fyrir því að ótal nettengdir hlutir og kerfi geti sent gögn sín á milli á leifturhraða. 5G byggir á hagkvæmari og umhverfisvænni tækni búnaðarins. Þannig er



búnaður
sem
notaður

verður í 5G (t.d. sendabúnaður) orkusparandi og minni um sig og fellur þannig betur að umhverfinu. 5G er öruggara en fyrri farnet eins og 3G og 4G enda var mikil vinna lögð í að auka öryggi í vinnslu staðla fyrir 5G. Meiri dulkóðun á gögnum verður í 5G og því verður erfiðara að rekja og eiga við tengingar. 5G byggir

meira á hugbúnaði í skýinu sem gefur meiri möguleika á að fylgjast með mögulegum ógnum.

Með 5G býðst stóraukinn hraði, talinn í gígabitum á sekúndu (Gbps) og mun styttri tengitími, en hægt er að þjónusta 1.000.000 tengd tæki á hverjum ferkílómetra miðað við 200 tengd tæki á 4G, en tækin biðja um gögn og fá þau í sömu andrá. Þá býður 5G upp á mun meiri bandbreidd en fyrri tækni og mun öruggari/ áreiðanlegri tengingar en nú þekkjast. Allt er þetta forsenda aukinnar sjálfvirknivæðingar til dæmis í verksmiðjum, landbúnaði og öðrum iðnaði. 5G tæknin mun einnig hafa mikil áhrif á heilbrigðisþjónustu, hvort sem um er að ræða snjallvæðingu sjúkrahúsa, fjarhjúkrun og jafnvel fjaraðgerðir. 5G gegnir þannig

lykilhlutverki í samskiptum milljarða tengdra hluta en sú þróun er þegar komin vel á veg. Þá mun 5G gera sjálfkeyrandi bílum, flygildum og vélmennum kleift að fá þær upplýsingar sem þau þurfa um umhverfi sitt, nógu hratt og örugglega til að geta forðast árekstra og óhöpp, nánast í rauntíma.

Ný tækni býður upp á ný tækfæri

Hraðar umbreytingar í fjarskiptum hafa opnað á ný tækifæri fyrir fyrirtæki til að nýta lausnir sem skapa langvarandi virði bæði fyrir rekstur sinn og samfélagið í heild. Viðskiptavinir hafa tekið landsdekkandi NB IoT og LTE-M fjarskiptakerfum félagsins opnum örmum og byrjað að nýta tækni sem getur enst í áratug eða lengur. Þessar lausnir eiga það sameiginlegt

að nýta bæði minni aðföng og auðlindir og eru umhverfisvænar og hagkvæmar í rekstri.

Snjallmælar Veitna nýta NB IoT kerfi félagsins þar sem þeir þurfa minna rafmagn, lengri drægni og líftíma en áður, eða allt að 18 ár. Einnig eru veitufyrirtæki farin að nýta NB IoT til þess að fylgjast með vatnslekum í veitukerfum sínum í þeim tilgangi að geta brugðist fyrr við og komið sem fyrst í veg fyrir vatnsleka. Þessir skynjarar eru staðsettir á stöðum þar sem erfitt er að komast að. Því er mikilvægt að fjarskiptamerki skili sér vel ásamt löngum endingartíma á rafhlöðu til að fækka þjónustuferðum eins og hægt er. Þá má nefna að sveitarfélög hafa verið að taka upp skynjara fyrir sorphirðu. Þannig má draga úr akstri vegna sorphosunnar og þar með hafa

jákvæð áhrif á kolefnislosun og minnka umferðarálag.



BROT AF ÞVÍ





BESTA

VILHELM VERÐLAUNAÐUR

Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Vísis, hlaut verðlaun Bláðaljós-myndarafélags Íslands árið 2022 í tveimur flokkum. Var hann hvoru tveggja verðlaunaður fyrir mynd ársins og fréttamynd ársins. Mynd ársins var af eldgosinu í Geldingadölum og þótti

fangna stemningu ársins í heild. „Áhugaverð, sterk og frumleg mynd af einu stærsta fréttamáli krefjandi árs. Sjónarhornið er frábært, formið óvænt og sérlega flott auk þess sem vinnslan hæfir myndinni afar vel,“ segir í umsögn dómnefndar.



ÆVINTÝRAHEIMUR BARNA

Ævintýraheimur barna var búið til í streymisveitu Stöð 2+ og inniheldur mikið magn af íslensku talsettu barnaefni frá öllum landssvæðum. Við leggjum mikla áherslu á vandað gæðaefni fyrir börn sem skilar sér í afburða þýðingum og talsetningum.

Fjölmiðlarnir telja að þessi vinnubrögð séu gríðarlega mikilvæg í ásetningi þjóðarinnar að viðhalda íslenskrri tungu.



HLUSTENDA VERÐLAUNIN

Hlustendaverðlaunin voru haldin í níunda skipti. Útvarpsstöðvarnar Bylgjan, FM957 og X977 standa í sameiningu að Hlustendaverðlaununum. Markmiðið er að gefa íslenskum útvarpshlustendum og tónlistarunnendum tækifæri á að velja og verðlauna íslenskt tónlistarfólk.



BLAÐAMANNA VERÐLAUNIN

Fréttastofa Stöðvar 2 hlaut Blaðamannaverðlaunin fyrir umfjöllun sína um lífslokameðferð og einnig fyrir umfjöllun um barnaheimilið á Hjalteyri.



LANDSBYGGÐIN BETUR TENGÐ

Í mars fórum við af stað með stórt verkefni sem gekk út á það að kynna 5G þjónustu okkar um allt land. Starfsmenn Vodafone heimsóttu Grundarfjörð og fengu frábærar móttökur.

HEIMSINS MIKILVÆGASTA KVÖLD UNICEF

Vodafone tók þátt í skemmti- og söfnunarbætti UNICEF sem sjónvarpað var á RÚV 3. apríl 2022. Rúmlega 2.000 símtöl bárust þættinum og 1.500 nýir heimsforeldrar bættust við, auk þess sem margir hækkuðu fram- lög sín og/eða gáfu staka styrki.



MET Í ÁSKRIFTUM AÐ STÖÐ 2 SPORT

Í maí var slegið nýtt met á áskriftum Stöð 2 Sport þar sem íslenskar boltaþróttir kvenna og karla náðu hápunkti með úrslita-keppnum. Stærsta útsending Stöðvar 2 Sports á árinu var viðureign Vals og Tindastóls í lokaúrslitum Íslandsmóts karla í körfubolta. Útsendingin hlaut metáhorf og vakti leikurinn slíka athygli hjá íslensku þjóðinni að annað eins hefur ekki sést í íslenskum körfubolta.



SAMSTARF MEÐ NEYÐARLÍNUNNI

Samstarf Neyðarlínunnar og farsímafyrirtækjanna var kynnt. Um er að ræða mikilvægt og tímabært verkefni þar sem viðeigandi aðilar hafa tekið höndum saman um að tryggja gott farsímasamband á fáförnum

og afskekknum stöðum Íslands. Þetta skapar aukið öryggi þar sem víðar verður hægt að ná sambandi við neyðarnúmerið 112 sem og önnur símanúmer.



VODAFONE OG LANDSBJÖRG

Vodafone kynnti með stolti áframhaldandi samstarfs- og fjarskiptasamning við Slysavarnarfélagið Landsbjörg. Vodafone hefur verið samstarfsaðili Landsbjargar frá árinu 2009 og verður engin breyting á því næstu árin.

Verk Stöðvar 2 fengu fjölda tilnefninga á þessari merku hátíð þar sem börn velja sína uppáhalds sjónvarpsþætti. Þættir Stöðvar 2 sem hlutu tilnefningar voru Æði, Stóra sviðið og Kviss og Eva Laufey hlaut svo verðlaun sem sjónvarpsstjarna ársins.

SÖGUR - VERÐLAUNAHÁTÍÐ BARNANNA



COLOR RUN

BYLGJULESTIN

Bylgjulestin ferðaðist björt og brosandí um landið síðasta sumar og var í beinni útsendingu frá landsbyggðinni á hverjum laugardegi. Mikið fjör og gleði á hverjum vettvangi og náðum við að tengjast hlustendum okkar vísvegar um landið. Með þessu ferðalagi fjölluðum við um bæjarfélögin sem við heimsóttum og fólkið sem þar býr.

Þann 5. júní 2022 var litríkasta hlaup landsins loksins haldið á ný eftir tveggja ára hlé og litaglaðir hlauparar á öllum aldri fjölmenntu í Laugardalinn. Rauði liturinn var heldur betur áberandi á viðburðinum en Vodafone er stoltur styrktaraðili hlaupsins og var gleðin við völd þegar litrík teymi og þátttakendur máluðu Laugardalinn rauðan.

BRITT AF ÞVI BESTA | JÚLÍ

VODAFONE Á FLAKKI UM LANDIÐ

 **vodafone**

Síðastliðið sumar var Vodafone vagninn á flakki um land allt í slagtogi við Bylgjulestina. Vodafone kynnti sig og sína þjónustu á þessum ferðum og voru móttökur almennings frábærar.

Sjáumst næsta sumar!



ÞJÓÐHÁTÍÐ 2022

FM957 tók yfir þjóðhátíð með frábærum viðburðum, útsendingu og skemmtun á sviðinu. Allir listamenn sem komu fram á hátíðinni voru vel kynntir á útvarpsstöðvum fjölmiðla Sýnar og er FM957 stór partur af hátíðinni í Vestmannaeyjum. Þjóðhátíð 2022 var eftirminnileg og einstaklega vel heppnuð.

GOLFMÓT AKUREYRI

Það var mjög góð stemning á golfmóti fyrirtækjasviðs Vodafone sem haldið var á Jaðarsvelli Akureyri í ágúst 2022.





FÖGNUM FJÖLBREYTI- LEIKANUM

Við fögnum fjölbreytileikanum og gefum málstaðnum byr undir báða vængi, bæði út á við sem og inn á við gagnvart starfsfólkinu okkar, sem er eins og annars staðar; alls konar.



FYRIRMYNDAR- FYRIRTÆKI Í STJÓRNARHÁTTUM

Á haustmánuðum fékk Sýn viðurkenningu fyrir að vera leiðandi fyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti og auka trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum. Páll Ásgrímsson, aðal-
lögfræðingur okkar tók á móti viðurkenningunni.



MENNINGAR- NÓTT ÞRENNIR TÓNLEIKAR

Útvarpsstöðvar fjölmiðlanna héldu uppi fjörunu á Menningar-nótt í Reykjavík og buðu upp á þrenna tónleika á þremur mismunandi stöðum. Eitthvað fyrir alla á menningarlegum degi.



EVROPSKT GÆÐAEFNI

Steymisveitan okkar Stöð 2+ hefur stækkað og með því hefur alþjóðlegt gæðaeefni bæst í flórana frá samstarfsaðila okkar Kritic sem sérhæfir sig í vönduðu evrópsku sjónvarpsefni. Steymisveitan Stöð 2+ endurspeglar fjölbreytileika sem við viljum bjóða áskrifendum okkar í meira mæli.



ENDOR SAMSTARFSAÐILI ÁRSINS

Endor fékk verðlaun sem samstarfsaðili ársins hjá Nutanix. Endor hefur frá upphafi kappkostað að koma með nýja tækni og lausnir fyrir íslenskan markað og hefur samstarf með Nutanix verið mjög gott enda báðir aðilar með sömu sýn, að stuðla að nýsköpun og ná árangri með sínum viðskiptavinum.



NÝJASTA EPLIÐ
MÆTTI MEÐ
LÆTI!

Við fögnuðum komu iPhone 14 og var „epladagurinn“ haldinn hátíðlegur hjá okkur í verslunum Vodafone og innanhúss þar sem við buðum upp á epla-muffins og auðvitað epli.



IDOL TÖKUR

Tónlistarveislan Idol hófst í ágúst. Idol gefur ungu fólki tækifæri og vettvang til að þroska söng-rödd sína og vekja athygli á hæfileikum sínum. Við vinnslu þáttanna fá keppendur faglega ráðgjöf frá helsta tónlistarfólki

landsins, kennslu í söng og sviðsframkomu og vinna náíð með hljómsveit sem er skipuð mörgum af bestu tónlistarmönnum landsins. Áheyrnarprufur fóru fram í höfuðstöðvum Sýnar í september.



17 tilnefningar á Eddunni

Stöð 2 fékk 17 tilnefningar til Edduverðlaunanna og hlaut tvenn verðlaun. Þáttaröðin Tónlistarmennirnir okkar fékk verðlaun sem Menningarþáttur ársins og Víkingar: Fullkominn

endir, hlaut verðlaun sem Íþróttaefti ársins. Stöð 2 er einstaklega stolt af fagfólkinu hjá fyrirtækinu og því frábæra efni sem það framleiðir.



BJÖRGUN 2022

Vodafone var með á Björgun EXPO í október og kynnti þjónustu sína. Sjálfbóðaliðar Landsbjargar alls staðar af landinu voru þar samankomnir ásamt öðrum viðbragðsaðilum, öll með það markmið að deila þekkingu og læra hvort af öðru.

VIÐ ERUM VINIR RAUÐA KROSSINS

Þann 7. október 2022 tók Vodafone þátt í söfnunarbætti Rauða Krossins, Verum vinir, sem sýndur var í beinni útsendingu á RÚV. Í þættinum bættust 1.800 Mannvinir í hópinn og tæplega 400 einstaklingar og fyrirtæki gáfu staka styrki, alls 27 milljónir.





HEIMSÓKN FRÁ VODAFONE GROUP

Félagið fékk ánægjulega heimsókn frá Vodafone Group í október. Tilgangur heimsóknarinnar var að efla samstarfið, ræða stefnu og sameiginleg markmið

til framtíðar. Við hlökkum til að vinna áfram þétt saman og njóta þekkingar og ráðlegginga frá sérfræðingum Vodafone Group út um allan heim.

BROT AF ÞVÍ BESTA | OKTÓBER

vodafone

BLEIKI DAGURINN

Október er mánuður Bleiku slaufunnar, árveknis- og fjár-öflunarátaks Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameinum hjá konum og héldum við bleika daginn hátíðlegan hér í húsi.





IDOL ÁRSHÁTÍÐ


Í október 2022 var árshátíð starfsfólks Sýnar haldin með pompi og prakt. Í ljósi þess að Idol gekk í endurnýjun lífdaga á árinu var ákveðið að þema árs-
hátíðarinnar yrði Idol. Árs-
hátíðin heppnaðist stórvel og starfsfólk skemmti sér konunglega.



STÖÐ 2+ ÁSKRIFTARMET

Í desember sló streymisveita okkar, Stöð 2+ nýtt met en þá voru 45 þúsund heimili komin með áskrift að stöðinni. Stöð 2+ hefur á árinu aukið verulega við úrval sitt, bæði af vönduðu íslensku sjón-
varps- og barnaefni og sömu-
leiðis evrópsku og alþjóðlegu
gæðaefni.

STREYMISVEITA



3. hluti

SAMFÉLAGIÐ OG SJÁLFBÆRNI



STEFNA Í SAMFÉLAGS- ÁBYRGÐ

Sýn hf. sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Félagið leggur megináherslu á að stuðla að nýsköpun og framþróun fyrirtækisins með sjálfbærni og hagsmuni hagaðila í fyrirrúmi.

Meginstoðir samfélagsábyrgðar félagsins eru þrjár: Hlítni, sjálfbærni og sameiginlegt virði. Undir hlítni falla lög, reglur, staðlar og vottanir, undir sjálfbærni falla mannauður, umhverfi, virðiskeðja og efnahagur og undir sameiginlegt virði falla nýsköpun, öryggi og innviðir og samskipti og fræðsla. Sýn hefur sett skýr markmið í um-

hverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Sýn hf. hefur skrifað undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið og aðgerðir í loftslagsmálum. Megináherslur Sýnar hf. á sviði sjálfbærni er að auka

verðmætasköpun innan sem utan félagsins og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar. Stjórn og stjórnendur leggja höfuðáherslu á að hún sé í samræmi við alþjóðamælikvarða á sviði sjálfbærniupplýsingagjafar og meginmarkmiða félagsins til framtíðar. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hefur hafið innleiðingu á sjálfbærniastaðlinum Global Reporting Initiative (GRI) þar sem horft er til hagsmuna lykil hagaðila. Stjórn og stjórnendur bera ábyrgð á innleiðingu sjálfbærni-staðalsins og skuldbindur félagið sig að miðla upplýsingum um starfsemina og starfshætti eftir meginviðmiðum GRI sjálfbærni-staðalsins og gefur út árlega sameiginlega árs- og sjálfbærni-skýrslu.





Jafnrétti kynjanna

Hvatningarverðlaun jafnréttismála, jafnlaunavottun, jafnréttis- og mannréttindastefna, jafnréttisáætlun Sýnar og jafnlaunastaðallinn ÍST 85:2012 stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 5.



Góð atvinna og hagvöxtur

Vottun í góðum stjórnarháttum, UFS leiðbeiningar Nasdaq, upplýsingaöryggisstaðallinn ISO 27001, stefna um mútur og peningaþvætti (byggð á stefnu Vodafone Group), jafnréttis- og mannréttindastefna, öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisstefna, birgja- og innkaupastefna

og samstarf með Almanna-vörnum og Neyðaröryggis-fjarskiptum vegna ófyrirséðar náttúruvár stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 8.



Nýsköpun og uppbygging

Áhersla á stuðning við nýsköpun, framþróun og sjálfbærni á sviði stafrænnar uppbyggingar tengt

fjarskiptum og fjölmiðlum, fjárfesting í tækninýjungum, rannsóknum og þróun er varðar örugga, tryggja og sjálfbærari uppbyggingu fjarskiptainnviða ásamt netvöktun og fræðslu í samstarfi við Cert-IS netöryggis-sveit Fjarskiptastofnunar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 9.



Ábyrg neysla og framleiðsla

Upplýsingaöryggisstaðalinn ISO 27001, gæðastefna, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærniáætlunum Global Reporting Initiative (GRI), árleg sjálfbærniáætlun byggt á viðmiðum GRI og birgja- og innkaupastefna Sýnar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 12.



Aðgerðir í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærniáætlunum Global Reporting Initiative (GRI), Loftslagssamningur Festu og Reykjavíkurborgar, umhverfis- og sjálfbærniáætlun til starfsfólks og birgja- og innkaupastefna Sýnar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 13.





MANNAUÐUR OG MENNING

Sýn leggur áherslu á að starfsfólk upplifi vellíðan í vinnu. Það er gert með því að búa starfsfólki framúrskarandi vinnuaðstöðu, huga að líkamlegri og andlegri heilsu þess og gefa því möguleika á sveigjanleika í starfi. Markmið félagsins er að fólki líði vel í vinnunni, það upplifi sig sem hluta af sterkri liðsheild, fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og gefist tækifæri til að takast á við verkefni þar sem styrkleikar þeirra fá notið sín. Sýn vill þannig stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og góðu sjálfstrausti starfsfólks og að það sýni frumkvæði í starfi. Við trúum

því að fyrirtækinu gangi best þegar starfsfólkið er upp á sitt besta og getur látið ljós sitt skína.



Árið

Í upphafi árs 2022 féllu fjölda-takmarkanir loks úr gildi og gat allt starfsfólk komið saman á vinnustaðnum að nýju. Eftir rúm tvö ár í fordæmalausu ástandi var starfsfólk þakklátt að geta hitt alla vinnufélagana aftur augliti til auglitis og má með sanni segja að mikill metnaður og kraftur hafi fylgt í kjölfarið.



Virkt samtal

Lögð var rík áhersla á það að styrkja tengslin og eiga virkt samtal við hvern og einn starfsmann. Þannig stóðu Heiðar Guðjónsson, fyrrverandi forstjóri, og Alda Sigurðardóttir, mannauðsstjóri, til að mynda fyrir fundarröð á vormánuðum þar sem allt starfsfólk var hvatt til að greina frá sinni sýn á

félagið, þjónustuna og fyrirtækjameninguna. Fundunum var svo fylgt eftir með viðhorfskönnun þar sem þau sem ekki komust á fundina gátu komið sínum hugleiðingum á framfæri. Fundirnir sem voru 10 talsins mæltust vel fyrir og var strax farið að vinna úr hugmyndum og ábendingum sem komu fram. Það var ánægjulegt að heyra samhljóminn innan fyrirtækisins og að almennt ríkir mikil ánægja og virðing á meðal starfsfólks. Það telur vinnuumhverfið gott og er ánægt með þann sveigjanleika sem í boði er. Auk fundanna voru regluleg starfsmannasamtöl tekin upp að nýju. Þá voru framkvæmdar reglulegar púlsmælingar á meðal starfsfólks í gegnum HR Monitor sem heilt yfir komu vel út og í samanburði við önnur fyrirtæki sem nýta sér þá þjónustu mældist

Sýn yfir meðallagi þegar kemur að starfsánægju.

Út frá þessu virka samtali við starfsfólk í gegnum árið er unnið að aðgerðaráætlun til þess að skapa framúrskarandi fyrirtækjameningu innan félagsins til framtíðar.

Heilsuefning starfsfólks

Sýn er umhugað um heilsu starfsfólks og er rík áhersla lögð á að huga að andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. Árlega veitir





MEÐALSTARFSALDUR

7



FJÖLDI STÖÐUGILDA

449



MEÐALALDUR Í ÁRUM

36



félagið hverjum starfsmanni heilsustyrk sem ætlað er að hvetja starfsfólk til heilsueflingar. Árið 2022 þáðu 190 starfsmenn heilsustyrk frá félaginu. Þá veitir félagið einnig samgöngustyrk hverjum þeim sem nýtir sér vistvænar samgöngur til og frá vinnu en samgöngustefna félagsins miðar meðal annars að því að stuðla að heilbrigðari lífsháttum starfsfólks, draga úr mengun og minnka umferðarlag. Árið 2022 þáðu að meðaltali 36 starfsmenn samgöngustyrk í hverjum mánuði. Við höfuðstöðvarnar er einnig upphituhjólageymsla, góð búningaástaða og nútíttundarherbergi sem starfsfólk getur nýtt við hverskyns heilsueflingu.

Félagið er einnig í samstarfi við fjölmarga aðila sem veita starfsfólki sérsníðna þjónustu eftir

þörfum. Þar má til dæmis nefna sálfræðiþjónustu, markþjálfun og almenna heilbrigðisþjónustu. Félagið hefur þannig milligöngu um að koma starfsfólki sínu fljótt og örugglega að hjá sérfræðingum á hverju sviði eftir því sem við á og/eða niðurgreiðir þjónustuna.

Jafnréttismál

Sýn metur allt starfsfólk að verðleikum og leggur sig fram við að allir njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum. Mikil áhersla er lögð á að auka hlut kynjanna í þeim störfum þar sem

kynjaskekkja er ráðandi. Í jafnréttisstefnu félagsins kemur fram að leitast er við að gæta fyllsta jafnréttis kynjanna og þess er gætt að starfsfólki sé ekki mismunað.

Venju samkvæmt fór félagið í gegnum endurvottun á jafnlaunakerfinu á vormánuðum þar sem óútskýrður launamunur á milli kynja var kannaður. Niðurstöðurnar voru afar ánægjulegar en óútskýrður launamunur var

aðeins 0,6% konum í vil en var 0,6% körlum í vil árið 2021. Markmið félagsins er áfram að vera með 0% launamun og verður haldið áfram að vinna að því marki árið 2023.

UNI

UNI er regnhlífarhugtak sem nær yfir allt fræðslustarf innan Sýnar. Með UNI vill félagið tryggja góða og samræmda grunnþjálfun starfsfólks um leið og félagið veitir starfsfólki sérhæfða þjálfun og fræðslu sem hentar starfi hvers og eins.

Því til viðbótar býður UNI reglulega upp á gagnleg námskeið og fyrirlestra sem eflir starfsfólk bæði í leik og starfi.

Á árinu var rík áhersla lögð á stjórnendabjálfun með það að markmiði að efla hvern og einn



KYNJAHLUTFALL STJÓRNENDA



KYNJAHLUTFALL STARFSMANNA



stjórn-
anda, veita
þeim góð
og gagnleg
verkfæri til að
takast á við þá
ábyrgð og verkefni
sem standa frammi
fyrir hverjum stjórnanda
og samhæfa vinnubrögð
þvert á félagið.



Innan fyrirtækisins starfar
öflugt starfsmannafélag
sem stendur reglulega fyrir
viðburðum fyrir starfsfólk
og fjölskyldur þeirra en auk
þess eru fjölmargir klúbbar
starfræktir á meðal starfsfólks til
dæmis hjólahópur, hlaupahópur,
royalistafélag og gönguhópur
svo fátt eitt sé nefnt.

Félagslífið

Mikið er lagt upp úr
góðum anda á vinnu-
staðnum, jákvæðum
samskiptum og því
að hafa gaman í
vinnunni. Boðleiðir
eru stuttar
og starfsfólk
hjálpast að við
að ná settum
markmiðum.



UMHVERFISMÁL



FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

LAUNHLUTFALL FORSTJÓRA

S1|UNGC: P6|GRI 102-38

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	6,8	6,7	6,38	9,83
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

LAUNAMUNUR KYNJA

S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1,3	1,45	1,17	1,13
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	1,6%	1,9%	0,6%	0,6%

STARFSMANNAVELTA

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Starfsmenn í fullu starfi					
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	8%	26%	22%	23,8%
Frávísun	%	35%	49%	21%	34,2%
Starfslok	%	65%	66%	32%	0,8%
Starfsskipti	%	10%	22%	46%	64,1%
Fráfall	%	0%	0%	0%	0,8%
Starfsmenn í hlutastarfi					
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	-	-
Frávísun	%	-	-	-	-
Starfslok	%	-	-	-	-
Starfsskipti	%	-	-	-	-
Fráfall	%	-	-	-	-

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Verktakar og/eða ráðgjafar					
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	-	-
Frávísun	%	-	-	-	-
Starfslok	%	-	-	-	-
Starfsskipti	%	-	-	-	-
Fráfall	%	-	-	-	-
Kyn					
Karlar	%	67%	70%	66%	66,6%
Konur	%	33%	30%	34%	33,4%
Aldur					
<20	%	-	0,8%	0,2%	0,2%
20-29	%	4%	29%	24,6%	28,3%
30-39	%	11%	33%	31,9%	31%
40-49	%	21%	22%	26,4%	23,4%

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
50-59	%	33%	11%	11,8%	11,6%
60-69	%	31%	4%	4,7%	5,5%
70+	%	-	0,2%	0,4%	0%

KYNJAFJÖLBREYTNÍ

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Starfsmannafjöldi					
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	33%	30%	34%	33,4%
Konur	fjöldi	193	137	150	166
Karlar	fjöldi	392	320	303	331
Byrjenda- og millistjórnendastöður					
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan	%	23%	32%	29%	32,9%

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Konur	fjöldi	7	12	10	147
Karlar	fjöldi	23	25	24	300

Yfirmenn og stjórnendur

Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	43%	44%	46%	38%
Konur	fjöldi	9	11	11	19
Karlar	fjöldi	12	14	13	31

HLUTFALL TÍMABUNDINNA STARFSKRAFTA

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	10.8%	17%	9%	7,2%
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	-	-

AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já	Já	Já

VINNUSLYSATÍÐNI

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0,5%	0,2%	0%	1%

HNATTRÆN HEILSA OG ÖRYGGI

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	0,03	0,025	0,089	0,056
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	0,012	0,002	0,002	0,001
Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	0,014	0,02	0,002	0,004

BARNA- OG NAUÐUNGARVINNA

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaprælkun?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já	Já	Já

MANNRÉTTINDI

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16|SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	Já	Já	Já	Já

STJÓRNARHÆTTIR

KYNJAHLUTFALL Í STJÓRN

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	60%	60%	60%	40%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	50%	40%	66%	33%

ÓHÆÐI STJÓRNAR

G2|GRI: 102-23, 102-22

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	1,00	0,80	1,00	0,40

KAUPAUKAR

G3|GRI: 102-35

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

KJARASAMNINGAR

G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%	100%

SIÐAREGLUR BIRGJA

G5|UNGC: P2, P3, P4, P8|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|SDG: 12|SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Já	Já	Já	Já

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	%	-	-	-	-

SIÐFERÐI OG AÐGERÐIR GEGN SPILLINGU

G3|GRI: 102-35

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	-

PERSÓNUVERND

G7|GRI: 418 Customer Privacy 2016|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já	Já	Já

SJÁLFBÆRNISKÝRSLA

G8|UNGC: P8

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráslu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já: Inniheldur sjálfbærnisráslan kafla um félag-slega þætti, stjórnarhætti og umhverfisþætti?	já/nei	-	-	-	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	Já	Já	Já	Já

STARFSVENJUR VIÐ UPPLÝSINGAGJÖF

G9|UNGC: P8

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heims-markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	Já	Já	Já	Já

GÖGN TEKIN ÚT/SANNREYND AF YTRI AÐILA

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Já	Nei	Nei	Nei



ÖRYGGI

Sýn hf. fylgir í hvítvetna lögum og reglum og einsetur sér að sýna starfsfólki og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum.

Upplýsingaöryggi

Árið 2014 hlaut Sýn vottun á stjórnkerfi félagsins sem byggir á alþjóðlega staðlinum ISO27001. Vottunin staðfestir að unnið sé í samræmi við kröfur staðalsins. Ytri úttektaraðilar framkvæma árlega úttekt á stjórnkerfið og var vottunin formlega endurnýjuð í mars 2022. Sýn leggur áherslu á jákvæða öryggismenningu með það að markmiði að öryggi og vernd upplýsinga verði venja í daglegum störfum starfsfólks. Allir sem hefja störf hjá félaginu fara í gegnum ítarlegt nýliðanámskeið þar sem

m.a. er lögð áhersla á öryggisvitund, persónuvernd og fylgni við verklag. Sýn hefur komið upp rafrænni fræðslugátt, UNI, þar sem er að finna fjöldann allan af ítarlegum rafrænum námskeiðum. Árlega á allt starfsfólk félagsins að taka rafræn námskeið um upplýsingaöryggi og persónuvernd. Á árinu 2022 var sett í fræðsludagskrá að hafa sérstaka þjálfun og fræðslu um öryggismál fyrir allar deildir og er sú vinna enn í gangi.

Vinnuvernd

Sýn hefur sett sér verklag

samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO45001:2018 og tryggir þannig að markmið félagsins með vinnuverndarstarfi sé að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum sé í lagi. Framkvæmt er mat á áhættu á störfum starfsfólks samkvæmt verklagi og stuðlað að heilsuvernd. Einnig er tryggt að starfsfólk á tæknisviði fái árlega þjálfun.

Vinnuvernd er hluti af stjórnkerfi félagsins og til staðar er öryggisnefnd í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur. Verkefni hópsins er m.a. að skipuleggja aðgerðir, fræðslu og hafa eftirlit með vinnuaðstöðu starfsfólks og að ráðstafanir skili tilætluðum niðurstöðum. Reglulega eru framkvæmdar mælingar á geislun eða rafsegulbylgjum til að tryggja öryggi og heilbrigði

almennings, starfsfólks og verk-taka eða þjónustuaðila. Tilraunir til ýmiskonar fjársvika í gegnum tölvupóst eða smáskilaboð hefur aukist töluvert undanfarin ár og er lögð áhersla á að bregðast við eins og fljótt og mögulegt er til að verja viðskiptavinum félagsins.

Öll atvik eða frávik frá verklagi eru skráð, greind og gripið er til aðgerða þegar þörf er á því. Skráð voru fimm minni háttar slys á árinu. Jafnframt er haldið utan um alvarlegar hótanir í garð starfsfólks og er er málum fylgt eftir í samræmi við verklag.

Velliðan og heilsa starfsfólks

Störf innan Sýnar hafa verið áhættumetin í samræmi við áhættustefnu félagsins og hefur verið komið á sérstöku verklagi fyrir þau störf sem metin hafa

verið með hæsta áhættustig miðað við vinnu við hættulegar aðstæður þ.e. störf þar sem unnið er í hæð, með rafmagn eða ef hætta er á geislun. FjarSKIP- tafélögin hafa jafnframt innleitt sameiginlegt verklag um vinnu við þessar aðstæður. Markmiðið er að starfsfólk fái nægilega þjálfun og því er félagið með virka fræðsluáætlun.

Jafnréttisáætlun

Sýn hlaut í ágúst 2019 formlega jafnlaunavottun á allt félagið en úttektin var framkvæmd af BSI á Íslandi. Með vottuninni staðfestist að hjá Sýn er starfrækt jafnlaunakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Lögð er áhersla á að allt starfsfólk sé metið að eigin verðleikum og umburðarlyndi sé ríkjandi þáttur í samskiptum. Ofbeldi, einelti

eða áreitni er ekki liðið innan félagsins og eru til staðar skýrir ferlar svo taki megi sem best á slíkum málum ef þau koma upp. Stuðlað er að fjölbreytileika í starfsmannahópi til að endurspeglar stóran viðskiptavinahóp félagsins, með það að markmiði að nýta sem best hæfileika hvers og eins. Sýn hefur einnig markað sér jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Áætlunin tekur til áraanna 2021-2023 og á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum og að hæfileikar hvers og eins fái notið sín. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisáætlun og jafnréttislög og er með öllu óheimil. Innan Sýnar starfar jafnréttisnefnd, skipuð þremur starfsmönnum af báðum kynjum.

SAMFÉLAGS- ÞÁTTAKA

Sýn er efnahagslega og samfélaglega mikilvægt fyrirtæki sem veitir víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks og rekstur fyrirtækja og stofnana.

Félagið tekur hlutverk sitt alvarlega og leggur sig fram um að vera fyrirmynd annarra í ýmsum samfélagsmálum. Það fylgir í hvívetna lögum og reglum og

einsetur sér að vernda umhverfið og sýna starfsfólki sínu, birgjum og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum.

Sýn styrkir fjölbreytt góðgerðar-samtök, íþróttastarf og menningu með ýmsum hætti. Stuðningur Sýnar er ýmist í formi beinna fjárhagsstyrkja, afsláttar fyrir veitta þjónustu, sjálfsboðastarfs, safnana eða gjafa.

Fjöldi aðila leitar til félagsins eftir stuðningi eða samstarfi ár hvert og eru ákvarðanir um styrki og samstarf teknar út frá stefnu fyrirtækisins í styrktarmálum.

Þáttur fjarskipta

Sýn vinnur náið með sam-hæfingarmiðstöð almanna- og vinnur eftir neyðaráætlun félagsins er varðar náttúruvá, útföll, fjarskiptarof og þjónusturof.

Sýn hefur stutt við mikilvæg málefni er viðkemur fjarskiptum

og samskiptum fólks. Þar má nefna niðufellingu alls kostnaður vegna símtala og SMS skilaboða til Úkraínu. Þannig var viðskiptavinum gert kleift að hringja og senda SMS gjaldfrjálst til ástvina sinna í Úkraínu úr heimasínum og farsínum. Þá var kostnaður vegna reiki felldur niður hjá viðskiptavinum sem staddir voru í Úkraínu. Auk þess var flóttafólki frá Úkraínu og öðrum löndum tryggð farsímaþjónustu þeim að kostnaðarlausu við komu til landsins.

Þáttur fjölmiðla og miðlun fréttar samfélaginu

Fréttastofan miðlar nokkrum sinnum á dag markverðum fréttum sem viðkemur almenningi og tengist meðal annars öryggi þeirra. Sýn framleiðir þætti sem hafa áhrif á

umræðu og vitundarvakningu almennings er varðar ýmis málefni.

Pallborðið

Þegar hitamál koma upp, hvort sem það er pólitískt deilumál eða umræða meðal almennings á samfélagsmiðlum, er hvert tækifæri nýtt til að fá fólk að Pallborðinu og rökræða málin, útskýra betur málflutninginn eða koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Pallborðið er sýnt í beinni útsendingu á Vísi.

Annálar og Kryddsíld

Fréttastofa leggur mikið upp úr að gera upp árið – stærstu fréttirnar og jafnvel mál sem ekki enn eru leyst en mögulega búið að snjóá yfir. Til þess að kryfja málin og setja þau í samhengi fyrir almenning í stað einfaldrar upprifjunnar - var árið gert upp

í tuttugu annálum um jafn mörg fréttamál sem sýndir voru í desember.

Á gamlársdag viðhélt fréttastofa venju sinni með því að bjóða formönnum flokkanna í Kryddsíld og gera upp árið. Í þægilegu andrúmslofti í einni glæsilegustu leikmynd sem gerð hefur verið fyrir þáttinn skapaðist gott samtal milli ráðamanna – bæði snörp umræða um pólitíkina og ögn mildari um persónuleg málefni.

Þáttur dag-skrárgerðar og framleiðslu

Fjölmiðlar Sýnar gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu er varðar vitundarvakningu og

umræðu um mikilvæg mál-
efni. Miðlarnir vinna með fjölda
þjónustu- og samstarfsaðila í
dagskrárgerð og framleiðslu
efnis.



Leitin að upprunum

Sigrún Ósk hefur undanfarin sex
ár fylgt eftir máli Ásu Nishanthi
Magnúsdóttur sem var ætt-

leidd frá Sri Lanka árið 1985.
Hún leitaði uppruna síns þar í
landi árið 2017 en sneri tómhent
heim eftir að í ljós kom að ætt-
leiðingarskjöl hennar voru fölsuð.
Með þrotlausri vinnu, DNA
prófum og góðri aðstoð fannst
konan sem Ása hafði alla tíð
talið að væri móðir hennar enda
hafði hún afhent Ásu í réttarsal.
Í ljós kom að hún var ekki móðir
hennar heldur hafði hún verið
fengin af barnamangara til að
þykjast vera líffræðileg móðir
hennar og skrifa undir skjöl sem
tengdust ættleiðingunni. Síðar
kom í ljós að konan var í raun
móðir vinkonu Ásu, sem einnig
hafði verið ættleidd til Íslands.
Umfjöllunin var afar ítarleg og
sýndi svart á hvítu hversu illa
og óheiðarlega var staðið að
ættleiðingum frá Sri Lanka á
sínum tíma. Í framhaldinu fjölluðu
allir helstu fjölmiðlar á Íslandi um

málið. Umfjöllunin hratt einnig
af stað umræðu um hlutverk og
ábyrgð íslenskra yfirvalda og
nokkrir einstaklingar sem voru
ættleiddir frá Sri Lanka á sínum
tíma íhuga nú málsókn á hendur
íslenskra ríkinu.



Okkar eigið Ísland

Í þessum þáttum ferðast þau

Garpur Elísabetarson og Raket
María Hjaltadóttir vítt og breitt
um Ísland og lenda í ýmsum
ævintýrum. Áhorfendur fá að
upplifa með þeim náttúru Íslands
og kynnst landinu sínu betur.



Krakkakviss

Þátturinn er léttari útgáfa af
spurningaþáttunum Kviss og

keppa börn á aldrinum 10-12 ára. Þátturinn er vinsæll og yfir 700 börn af öllu landinu sækja um þátttöku á hverju ári.



Hvítatá

Fyrsta íslenska teiknimynda-serían sem Stöð 2 framleiðir og er ætluð börnum á aldrinum tveggja til fjögurra ára. Við

stefnum á að halda áfram á þeirri vegferð að framleiða teiknimyndir fyrir börn.



RAX - Augnablik

Heimildarþættir um ljósmyndir okkar þekktasta ljósmyndara, Ragnars Axelssonar. Við fjöllum um augnablik í lífi RAX sem hefur ljósmyndað helsti viðburði í sögu

þjóðarinnar og veitir þannig einstaka innsýn í sögulega atburði.



Um land allt

Í þáttunum Um land allt, sem telja orðið vel á annað hundrað, ferðast Kristján Már Unnarsson um landið og nær tali af áhugaverði fólki og segir frá skemmtilegu og fjölbreyttu

menningarlífi á landsbyggðinni.



Miðjan

Sjónvarpsþættirnir Miðjan er dramátísk leikin sería og er frumraun nokkurra nýtskrifaðra ungra kvikmyndagerðarmanna úr Borgarholtsskóla. Þættirnir fjalla um ungt fólk á framhaldsskólaaldri sem þurfa að kljást við

atvik sem hafa áhrif á líf þeirra.

Þáttur samstarfs



Festa

Sýn er aðili að Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð, og var eitt af 102 íslenskum fyrirtækjum sem skrifuðu undir sameiginlega

yfirlýsingu fyrirtækja og stofnana um markmið í loftslagsmálum í nóvember 2015. Þau miðast að því að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor okkar.



Tónskáldasjóður Stöðvar 2 og Bylgjunnar

Tónskáldasjóður Bylgjunnar og

Stöðvar 2 í samvinnu við STEF úthlutaði í ár alls 6 milljónum til íslensks tónlistarfólks. Markmiðið með sjóðnum er að styrkja tónskáld og textahöfunda til nýsköpunar.

Eitt af meginmarkmiðum miðla Stöðvar 2 og Bylgjunnar er að efla þáttagerð í útvarpi og sjónvarpi þar sem íslensk tónlist er í öndvegi og með stuðningi við íslenskt tónlistarfólk. Með þessum hætti eflum við og auðgum íslenska menningu sem og fjölmiðlastarfsemi.

Saman byggjum við nýtt Kvennaathvarf

Í nóvember stóð Stöð 2 fyrir sérstökum söfnunarþætti fyrir kvennaathvarfið með það að markmiði að safna fyrir stærra og hentugra húsnæði. Yfir 700



konur leita árlega til Kvennaathvarfsins í leit að ráðgjöf og öruggu skjóli. Í þættinum var rætt við starfskonur athvarfsins og konur með reynslu af ofbeldi í nánú sambandi.

Vodafone og Landsbjörg

Vodafone hefur verið einn af aðalbakhjörllum Slysavarnarfélag-



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

sins Landsbjargar í 13 ár og endurnýjaði samstarfssamning við félagið á vormánuðum. Samstarfið hefur reynt okkur vel í gegnum árin þar sem félögin hafa í sameiningu unnið að því að bæta fjarskiptasamband á svæðum víða um land. Með áframhaldandi samstarfi sjáum við til þess að starfsfólk og björgunarsveitir landsins hafi aðgang

að bestu mögulegu fjarskiptaþjónustu og leggjum okkar lóð á vogaskálarnar þegar kemur að björgunaraðgerðum, leit og slysavörnum hér á landi.



Vodafone og KSÍ

Vodafone er einn af stærstu bakhjörllum Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) en félögin

eiga það sameiginlegt að vilja auka áhuga á knattspyrnu, styðja við starfsemi landsliða karla og kvenna og efla grasrótastarf um land allt. Vodafone annast meðal annars fjarskiptaþjónustu KSÍ og veitir sambandinu tæknilega aðstoð. Þetta á meðal annars við á ferðalögum landsliðanna erlendis og tryggði félagið að stelpurnar okkar voru í öflugum og góðu sambandi á EM 2022.

Vodafone og RÍSí

Vodafone er bakhjarl RÍSí sem leitast við að styðja við grasrótastarf á sviði rafíþróttá á Íslandi og samstarfi við stjórnvöld, foreldra og kennara þegar kemur að málefnum rafíþróttá landinu. Vodafone hefur síðustu misseri tekið virkan þátt í ýmiss konar viðburðum tengdum rafíþróttum og stutt við dagskrárgerð Stöðvar 2 eSports.





UMHVERFIS- MÁL

Sýn er efnahagslega og samfélagslega mikilvægt fyrirtæki sem veitir víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks og rekstur fyrirtækja og stofnana.

Umhverfisvernd og virðing fyrir landinu er leiðarljós í stefnunni. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski. Félagið fylgir eftir skýrum ferlum er varðar umsýslu og rekstur fjar-skiptainnviða. Félagið hefur skýr markmið í umhverfis- og loftslagsmálum þar sem lykilþátturinn er að draga úr kolefnisfótspori starfseminnar. Sýn skrifaði undir Loftslagsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og hefur frá

þeim tíma kolefnisjafnað rekstur félagsins með trjárækt í samstarfi við Kolvið. Heildarkolefnisjöfnun nam 282 tonnum fyrir árið 2022 og gróðursett voru 2820 tré. Sýn notaði vottað rafmagn frá endurnýjanlegum orkulindum Orku náttúrunnar á árinu 2022. Félagið nýtir hugbúnað frá Klöppum hf. til að taka saman árlegt umhverfisuppgjör.

Nýsköpun gegnir mikilvægu hlutverki í að draga úr losun

gróðurhúsalofttegunda í fjarskip-tatækni. Kjarninn í stefnu Sýnar er að einfalda ferla og styðja við nýsköpun í átt að vistvænni framþróun. Það felst meðal annars í því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og innleiða nýja tækni. Þá á sér stað samstarf með viðskiptavinum, birgjum og verktökum við að þróa vörur og þjónustu til að lágmarka áhrifin sem félagið hefur á umhverfið.

Vodafone býður viðskiptavinum að koma með eldri raftæki með þjónustunni „Notað upp í nýtt“. Ef tæki reynist verðlaust þá er því fargað á ábyrgan hátt í samstarfi við fyrirtækið Foxway. Samkvæmt úttekt Foxway þá kom hringrásarkerfið í veg fyrir losun á rúmlega 13 tonnum koltvísýringsígilda á síðastliðnu ári. Mikill meirihluti þeirra tækja

sem var skilað inn í hringrásarverkefnið öðluðust nýtt líf, eða um það bil 70% og hin voru nýtt í varahluti og góðmálmarnir og önnur hráefni sem í þeim var að finna voru endurnýtt.

Horft er til marga leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda meðal annars að stuðla að betri orkunýtingu, lágmarka myndun úrgangs og efla vistvænar samgöngur. Félagið hvetur starfsfólk að nýta sér vistvænar samgöngur til og frá vinnu með því að veita samgöngustyrk.

UMHVERFISÞÆTTIR

ORKUNOTKUN

Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarorkunotkun	kWst	10.005.610	9.860.132	9.829.905	9.546.568
Jarðefnaeldsneyti	kWst	703.659	524.788	470.210	543.493
Heildarorkunotkun	kWst	-	-	-	-
Rafmagn	kWst	7.291.524	7.349.936	7.587.033	7.457.341
Hitaveita	kWst	2.010.427	1.985.407	1.772.661	1.545.734
Kæling	kWst	-	-	-	-
Gufa	kWst	-	-	-	-
Bein orkunotkun	kWst	703.659	524.788	470.210	543.493
Óbein orkunotkun	kWst	9.301.951	9.335.344	9.359.694	9.003.075

ORKUSAMSETNING

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarorkunotkun	kWst	10.005.610	9.860.132	9.829.905	9.546.568
Jarðefnaeldsneyti	%	7%	5,3%	4,8%	5,7%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	93%	94,7%	95,2%	94,%
Kjarnorka	%	0%	0%	0%	0%

ELDSNEYTISNOTKUN

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildareldsneytisnotkun	kg	58.911	43.864	39.322	45.449
Bensín	kg	11.847	11.498	9.561	11.135
Díselolía	kg	47.064	32.366	29.761	34.313
DM olía	kg				
Jarðgas	kg				

VATNSNOTKUN

Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarvatnsnotkun	m ³	64.631,4	65.731	66.357,9	53.171,6
Kalt vatn	m ³	29.968,9	31.499,9	35.794,8	26.521,1
Heitt vatn	m ³	34.662,5	34.231,2	30.563,1	26.650,6
Endurunnið vatn (ef við á)	m ³				
Endurheimt vatn (ef við á)	m ³				

SAMSETNING RAFORKU

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarnotkun raforku	kWst	7.291.524,2	7.349.936,4	7.587.033,4	7.457.341,2
Jarðefniseldsneyti	%	-	-	-	-
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	100%	100%	100%	100%
Kjarnorka	%	-	-	-	-

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarmagn úrgangs	kg	108.700	47.208	54.018	45.864
Flokkaður úrgangur	kg	72.383	25.056	30.693	31.297
Óflokkaður úrgangur	kg	36.317	22.152	23.325	14.567
Endurunnin úrgangur	kg	49.541	22.972	30.693	31.205
Úrgangi fargað	kg	59.159	24.236	23.325	14.659
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	66,6%	53,1%	56,8%	68,2%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	45,6%	48,7%	56,8%	68%

VIÐSKIPTAFERÐIR

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarvegalengd	km	658.136	79.363	14.294	102.921
Flugferðir	km	658.136	79.363	14.294	102.921
Lestarferðir	km	-	-	-	-

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Rútuferðir	km	-	-	-	-
Bílferðir	km	-	-	-	-
Sjóferðir	km	-	-	-	-
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	45,6%	48,7%	56,8%	68%

MEÐHÖNDLUN PAPPÍRS

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarþyngd prentaðs pappírs	kg	1.566	1.112	1.008	801
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	337.753	239.378	206.258	150.315
þar af litaprent	blaðsíður	72.432	50.291	49.650	44.752
þar af svarthvít prentun	blaðsíður	265.321	189.087	156.608	105.563
Tvíhliða	blaðsíður	192.634	133.738	107.861	69.168
Litaprentun	%	-	-	-	-
Svarthvít prentun	%	-	-	-	-

UMHVERFISSTARFSEMI

Nasdaq: E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já-
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunar-kerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

LOFTSLAGSEFTIRLIT

Nasdaq: E8, E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A/B)

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já-
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunar-kerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

MILDUN LOFTSLAGSÁHÆTTU


Nasdaq: E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

	EININGAR	2019	2020	2021	2022
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m. ISK	2,3	3,7	0	-

KOLVIÐUR SKÍRTEINI 

HREIN ORKA 

UMHVERFISMÁL 



4. hluti

ÁRSREIKNINGUR



ÁRSREIKNINGUR



REKSTRAR**YFIR**LIT 2022

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 22.983 m.kr. samanborið við 21.765 m.kr. á árinu 2021, sem er aukning um 6%. Helstu ástæður aukningar í tekjum á milli ára eru hærri farsímatekjur, þar sem reiki og IOT spila stórt hlutverk, ásamt aukningu í áskriftar- og auglýsingatekjum. Framlegð félagsins á árinu


2022 var 34,9% á móti 32,6% á árinu 2021. Framlegð hækkar á milli ára vegna betri nýtingar á fasta-fjármunum félagsins og breyttri vörusamsetningu. Rekstrarkostnaður helst nánast óbreyttur á milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var 1.592 m.kr. samanborið við 3.286 m.kr. árið áður, en ef leiðrétt er fyrir söluhagnaði vegna sölu óvirkra farsímainniða árið 2021 þá er rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði um 858 m.kr. hærri árið 2022 en árið 2021.

Hagnaður ársins var 888 m.kr.


samanborið við hagnað upp á 2.100 m.kr. árið áður. Innifalið í hagnaði ársins 2021 var 2.552 m.kr. hagnaður fyrir skatta vegna innviðasölu. Þýðingarmunur af dótturfélaginu Endor ehf. er færður yfir eigið fé og var heildarafkoma ársins 889 millj. kr. Rekstur félagsins heldur því áfram að styrkjast.

Heildartekjur




Skipting tekjustrauma

- Fjölmiðlun
- Internet
- Farsími
- Fastlína
- Hýsingar- og rekstrarlausnir
- Vörusala
- Aðrar tekjur



EBITDA






EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI

Heildareignir og veltufjárhlutfall

Heildareignir samstæðunnar námu 33.926 í árslok og lækkuðu um 7,1% á milli ára. Lækkunin á milli ára skýrist að miklu leyti af háu handbæru fé í lok árs 2021 vegna innviðasölu og viðskiptakröfu vegna virðisaukaskatts af innviðasölu en krafan var greidd 2022. Hluti af handbæru fé var nýtt í kaup á eigin bréfum á árinu.


Veltufjárhlutfall var 1,31 í lok árs 2022 samanborið við 1,58 í lok árs 2021. Í byrjun árs 2022 keypti félagið eigin bréf fyrir 1.860 m.kr.

Þegar tekið er tillit til þessa er leiðrétt veltufjárhlutfall 1,31 fyrir árið 2021.




Eigið fé og eiginfjárlutfall

Í lok ársins 2022 var eigið fé 9.469 m.kr. og eiginfjárlutfall var 27,9%. Útistandandi hlutfé í lok tímabilsins nam 2.684 m.kr. samanboreið við 2.964 m.kr. í árslok 2021. Líkt og var fjallað um hér að framan var endurkaupaáætlun virkjuð í byrjun árs 2022, þegar tekið er tillit til þessa er leiðrétt eigið fé 8.545 m.kr. og eiginfjárlutfall 24,8% í árslok 2021.




Hreinar vaxta- berandi skuldir/ EBITDA

Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 16.226 m.kr í árslok 2022 og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði leiðréttum fyrir áhrifum innviðasölu sl. 12 mánaða 2,4.



Fjárfestingar

Rekstrarfjárfestingar námu 1.681 m.kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 38,5% á milli ára sem skýrist helst af auknum fjárfestingum í 5G uppbyggingu. Hlutfall fjárfestinga af tekjum var 7,3%.



Frjálst fjárflæði

Frjálst fjárflæði félagsins á árinu 2022 var 2.493 m.kr. samanborið við 9.853 m.kr. árið 2021. Innifalið í fjárfestingarhreyfingum árið 2021 var innstreymi samtals að fjárhæð 8.011 m.kr. vegna innviðasölu og sölu á hlutdeildarfélaginu Hey, sé leiðrétt fyrir þessu var frjálst fjárflæði árið 2021 1.824 m.kr.

